



Hallgrímur P. Helgason hefur verið duglegur að fara út með myndavélina meðan aðrir gera sig klára í háttinn eða sofa. Afrakstrinum hefur hann svo deilt á Facebook við góðar undirtektir. Dagskráin fékk að láni mynd frá Hallgrími þar sem norðurljósín dansa á himninum. Myndin er tekin frá Óseyri í norður þann 25. nóvember sl. rétt um 23:30. Selfoss er lengst til hægri á myndinni, Hveragerði fyrir miðju. Þá örlar aðeins á Friðarsúlunni og vetrarbrautinni vinstra megin á myndinni. -gpp

Sindri með þriðja sætið í Rímnaflæði

Félagsmiðstöðin Tvisturinn tók þátt í Rímnaflæði nú á dögum. Rímnaflæði er rappkeppni á vegum Samfés, Samtaka félagsmiðstöðva á Íslandi.

Keppnin hefur skapað sér fastan sess í dagskrárliðum félagsmiðstöðva um leið og hún vekur áhuga ungmenna á rappi og gefur því jákvæða umfjöllun.

Sindri Sigurjónsson úr 10. bekk keppi fyrir hönd Tvistsins og hreppti þriðja sætið við mikinn fögnuð áheyrenda í troðfullum Fellahelli í Fellaskóla.

Sindri samdi sjálfur textann að laginu sínu „Hratt-Satt“ og þess má geta að í ár röppuðu allir keppendur á íslensku.

Við óskum Sindra innilega til hamingju með frábæra frammistöðu og óskum honum góðs gengis á sínum ferli.



Ljósín tendruð á Hvítárbrú hjá Iðu

Í lok nóvember voru tendruð ljós á Hvítárbrú hjá Iðu. Að lýsingunni stendur áhugafólk úr Laugarási og nágrenni. Kostnaðurinn við lýsinguna, sem er óhjákvæmilega nokkur, hefur verið fjár-


magnaður með styrkjum frá velunnurum verkefnisins, en lýsingin er sett upp í nóvember, alla jafna og fær að gleðja vegfarendur og nágretta þar til dag er farið að lengja nokkuð.

Brrr...
Það er farið að kólna.
Nú er rétti tíminn til að
yfirfara og stilla hitakerfi og
snjóbræðslur fyrir veturinn.

**PÍPULAGNIR
HELGA**

Snögg og góð
þjónusta

Selfossi - S. 699 1985 / 823 6656



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

HYBRID

Framúrskarandi þjónusta við Toyota eigendur á Suðurlandi.
Toyota Selfossi Fossnesi 14 Selfossi Sími: 480-8000 www.toyotaselfossi.is

JÓLAFATNAÐUR - JÓLAGJAFIR

Nýkomin falleg jólalína frá Cult

Samfestingar, kjólar, túnukur og leggings

Ponsjó - Hanskar - Skartgripir - Skinnkragar

Opnunartímar

Laugardag kl. 11-16

Sunnudag kl. 12-16

LINDIN

TÍSKUVERSLUN

Eyrangei 29 · Selfossi · Sími 482 1800

tiskuverslun.is



DFS TV

DFS TV má finna inni á DFS.is, fréttavef Dagskrárinnar.

Þar má finna sjónvarpsviðtöl við áhugaverða Sunnlendinga ásamt stuttum myndbrotum úr sunnlensku samfélagi.

Söngsveit Hveragerðis stefnir á Póllandsferð í vor

Söngsveit Hveragerðis var stofnuð 6. apríl 1997 og hefur starfað samfleytt síðan. Söngsveitin hefur komið víða fram á tónleikum m.a í Kanada, Ungverjalandi, Færeyjum og síðast en ekki síst á Ítalíu þar sem hún tók þátt í kóramóti. Ekki má gleyma Sæluvíku Skagfirðinga. Öll ferðalögin hafa verið okkur ógleymanleg og tekist vel í alla staði. Söngsveitin undirbýr söngferð til Þýsklands og Póllands í vor en þar hefur okkur verið boðið að koma fram á kóramótinu „Living Europe Choir-festival“.

Aðventutónleikar Söngsveitarinnar, sem haldnir verða í Hveragerðiskirkju sunnudaginn 8. desember klukkan 20:00 eru því 22. aðventutónleik-




ar Söngsveitarinnar. Að venju er vandað til tónleikanna með völdum íslenskum og erlendum jólalögum. Eins og alltaf fer Söngsveitin á Heilsustofnun NLFÍ og dvalarheimilið Ás í Hveragerði og syngur inn jólin með fólkinu. Stjórnandi er Margrét S. Stefánsdóttir, undirleikari á píanó er Ester Ólafsdóttir,

Jóhann Ingvi Stefánsson leikur á trompet og Ian Wilkinson á básúnu, einnig tekur þátt sönghópur frá Tónlistarskóla Árnesinga. Að loknum tónleikum verður tónleikagestum boðið upp á súkkulaði og piparkökur. Söngsveitin vonast eftir að sjá sem flesta og eiga ánægjulega aðventukvöldstund með ykkur.

Frábær jólastemning á jólamarkaði VISS

Það er alltaf notaleg stemning á jólamarkaði VISS á Selfossi. Undanfarnir 14 ár hefur markaðurinn verið opnaður síðasta föstudag í nóvember. Þá hefur myndast sú hefð að markaðurinn opni formlega

þegar kveikt hefur verið á jólatré sem Rótarý klúbbur Selfoss færir hæfingastöðinni á hverju ári. Þegar Dagskrána bar að garði var búið að setja upp jólavörurnar í versluninni. Fjölmarginir gestir voru að gera góð kaup fyrir jólin. Þá var opið lítið kaffihús þar sem mátti gæða sér á smákökum og kakóþolla. Í desember verður verslunin opin alla daga milli kl. 8:30 og 16. Á markaðinum er lögð áhersla á jólavörurnar ásamt öðrum vörum sem unnar eru á VISS. -gpp



Verið velkomin í heimsókn

Motivo

Hönnun, tíska og gjafavara

Austurvegi 9 Selfossi S. 482 1700 Motivo.is



Skalli

Sá svalasti í bænum

**Stór pizza með þremur
áleggstegundum á aðeins
1.299 kr. alla daga í desember**

Þú hringir - Við bökkum - Þú sækir

www.skalli.is - facebook.com/skalliselfossi - Sími 483 1111

Jólagjafir á alla fjölskylduna

STRIKIÐ

Fataverslun

Austurvegi 69 - Selfossi - 482 2555
Opíð mán-fös 12-18 · lau 11-16 · sun 13-16

Opíð alla daga til jóla



Dömkjöll
Str. 38-48



Slim fit peysa
Margir litir
Str. SX-3XL



Stakir herrajakkar
Fleiri gerðir
Str. 48-60



Barnahettupeysur
Str. 98-170

Lág álagning - þinn hagur

HVERNIG GETURÐU EINFALDAÐ AÐVENTUNA



Einfaldara líf

Margir upplifa aðventuna sem flókna og erfða. Sennilega er það þó að draumur okkar flestra að fá að njóta og „vera“ meira á adventunni en aðra daga ársins. Ég tala fyrir einfaldari adventu og einfaldra lífi. Ég hef oft mikið að gera og það er margt sem mig langar til þess að gera fyrir jólin. Með því að skoða vel og vandlega af hverju ég vil hafa aðventuna einfaldari þá hef ég meiri drifkraft til að fara í átt að einfaldleikanum en ef ég átta mig ekki á því hvers vegna ég vil losna úr hraðanum og stressinu.

Einfaldara líf er að leyfa því sem mestu máli skiptir að hafa forgang en fjarlægja úr lífi okkar það sem kemur í veg fyrir það.

Fólk segist oft vilja einfalda jólin, hafa þau öðruvísi. Hafa aðventuna öðruvísi en þegar á hólminn kemur breytist ekkert. Þess vegna er mjög mikilvægt að við horfumst í augu við það hvers vegna við viljum einfalda. Nú hvet ég þig til að stöðva lestur þessa pistils. Ná þér í blað og penna og skrifa

niður hvers vegna þú vilt einfalda aðventuna. Skrifðu niður ástæðuna. Ástæðan getur verið einföld. Ég vil njóta. En hvað þarftu þá að gera til að njóta? Þú þarft að forðast hraða og þú þarft að gera hluti á adventunni sem veita þér gleði? Því næst skaltu skrifa niður hvað veitir þér gleði! Þú vilt kannski njóta! En til þess að njóta þarftu að átta þig á því hvað veitir þér gleði. Í mínu tilfelli myndi ég skrifa margt niður en í þessum pistli ætla ég að nefna baksturinn. Þegar ég var krakki bakaði mamma oft margar sortir af smákökum og geymdi þær til jóla en þegar kom að jölunum sjálfum borðaði þær enginn af því að það var svo margt annað í boði. Mamma sá eftir því sem árin liðu að þetta var ekkert sniðugt og fór að breyta hefðinni. Þegar ég var fullorðin og eignaðist mitt eigið heimili ákvað ég að hafa þetta öðruvísi. Ég vil því baka oftar og að afraksturinn sé helst borðaður strax. Ég elska það þegar fjölskyldan mín situr saman við eldhúsborðið í gleði, hlátri, oft

og tíðum þínu hávaða og gúffar í sig nýbakaðar smákökur. En hvað svo. Þegar þú ert búin að átta þig á því hvað veitir þér gleði skaltu skoða hvað þú þarft að gera til þess að þetta verði að veruleika. Í mínu tilfelli þarf ég að passa að allt það helsta sé til í jólabaksturinn. Ef ég á allt til þá er ekkert mál að skella í smákökur þegar okkur langar.

Nú hvet ég þig til að skoða hver ástæðan er fyrir því að þú vilt einfalda!

Spurðu sjálfa/n þig eftirfarandi spurninga:

Hver er ástæðan?
Hvað veitir mér gleði?
Hvaða skref þarf ég að taka?

Með því að skrifa þetta niður og segja einhverjum í lífi þínu frá því af hverju þú vilt einfalda þá færðu meiri drifkraft.

Gangi þér vel og njóttu aðventunnar.

Kærleikskveðja,
Gunnlaug Stella.

Jólatréð í Jöttni vekur athygli

Flestar verslanir og vinnustaðir skreyta hjá sér fyrir jólin. Verslunin Jötunn á Selfossi er þar engin undantekning hvar adventunni er tekið opnum örmum. Þar á bæ er búið að reisa jólatréð, setja undir það þakka

og gera klárt fyrir hátíðina framundan. Tréð, sem er með reisulegasta móti, hvílir á forláta jóladúk sem kæmist upp hvaða heimkeyrslu sem er, í hvaða veðri sem er. Í dægurlagatexta sem gjarna hljómar í viðtækjum hlustenda fyrir jólin segir „Skyld’ það vera jólahjól?“. Nú er aldrei að vita hvort einhverjum verði að ósk sinni um að fá jólahjól í pakkann í hentugri stærð.



-gpp

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyraey 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, fax 482 2835, dagskrain@prentmet.is.
Ritstjórn: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gunnarpp@prentmet.is.
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, katla@prentmet.is

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyraey 25, Selfoss, fyrir hádegi á mánudögum. Upplag 9700 eintök.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísnaáttur-höf. Páll Jónasson - Útg. Bókaútgáfan HÓLAR

Gáta vikunnar

Til varnar forðum var mér beitt.
Á vegg ég hangi stundum.
Í dyrum hef ég viðnám veitt,
og verið merki á fundum.

Svar við gátu í blaði 2526: **ÁS.**
1. lína: Mæniás - 2. lína: Ás í spilum
3. lína: Lyngás - 4. lína: Ás (goð)

Sunnlenski matgæðingurinn

Matgæðingur vikunnar er Fanney Úlfarsdóttir.

Ég þakka Kollu minni kærlega fyrir að senda þetta til mín. Eins og margir vita þá elska



ég að borða góðan mat og hef að sjálfsögðu alltaf pláss í eftirréttahólfinu fyrir góðar kræsingar. Enda hefur bakstur alltaf fengið meira vægi hjá mér í eldhúsinu en eldamennskan.

Kjúklingaréttur með sweet chili og beikoni

900 g kjúklingabringur
150 g beikon
1 rauðlaukur, saxaður smátt
3 hvítlausrif, smátt söxuð eða pressuð
2-3 meðalstórar gulrætur, skornar í sneiðar
salt og pipar
1 dós (180 g) sýrður rjómi (36%)
2 dl rjómi
1 ½ dl rifinn ostur
1 teningur kjúklingakraftur
2-3 msk. sweet chili-sósa
2 msk. sojasósa

Beikonið skorið í bita og steikt á pönnu þar til það verður stökkt. Þá er það veitt af pönnunni og fitan skilin eftir. Kjúklingurinn er skorinn í bita, saltaður, pipraður og steiktur, ásamt rauðlauknum, upp úr beikonfitunni þar til hann hefur náð góðri steikingarhúð. Þá er gulrótunum og hvítlauknum bætt út á pönnuna. Því næst er sýrðum rjóma, rjóma, osti, kjúklingakrafti, sweet chili-

sósu og sojasósu bætt út á pönnuna ásamt beikoninu og allt látið malla í um það bil 10 mínútur eða þar til kjúklingurinn er eldaður í gegn. Borið fram með hrisgrjónum, salati og hvítlauksbrauði.

Klessukaka með Daim-rjóma

200 g smjör
200 g suðusúkkulaði
4 egg
2 dl sykur
2 dl hveiti

Daim-rjómi

3 dl rjómi
½ - 1 msk. kakó
1 ½ msk. flórsykur
1 tsk. vanillusykur
2 tvöfaldar pakkningar af Daim (56 g stk.), samtals ca. 110 g.

Ofn hitaður í 200°C undir/yfirhita. Smelluform (ca. 24 cm) smurt að innan. Smjórið og súkkulaðið brætt varlega saman í potti. Egg og sykur þeytt þar til létt og ljóst. Þá er súkkulaðiþlöndunni bætt út í. Að lokum er hveitinu bætt út í. Deiginu hellt í kökuformið og kakan bökðu við 200°C í ca. 30-35 mínútur. Kakan er þá kæld og gott er að láta hana svo standa í kæli í nokkra tíma áður en rjóminn er settur á og kakan borin fram.

Daim-rjómi: Rjóminn er þeyttur ásamt kakói, vanillusykrri og flórsykrri sem hefur verið sigtað út í. Þá er Daim-súkkulaðið saxað og bætt út í þeytta rjómann með sleikju (það er gott að skilja smá eftir til að skreyta með) og Daim-rjómanum því næst dreift yfir kókuna.

Nú skora ég á einstaklega góða vinkonu mína, frænku og liðsfélaga, Össu Agústs dóttur til að taka við boltanum. Hlakka til að sjá hvaða kræsingar þú ætlar að bjóða upp á í næstu viku, þú mikli snillingur.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dagskrain@prentmet.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



GÓÐ ÞJÓNUSTA

BREYTIR ÖLLU

Nýtt Íslandsbankaapp

Með nýja Íslandsbankaappinu sinnir þú allri helstu bankþjónustu hvar og hvenær sem er á einum stað á einfaldan og öruggan hátt. Í appinu getur þú greitt reikninga, dreift greiðslum, séð allt um kortin þín, sótt um lán, stofnað sparnað, nálgast rafræn skjöl og margt fleira.

**Vertu í hópi ánægðustu viðskiptavina í bankþjónustu á Íslandi*
og sæktu nýja Íslandsbankaappið á islandsbanki.is/app**



* samkvæmt Íslensku ánægjuvöginni

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Fáðu tilboð í auglýsingarnar
Auglýsingasíminn er 482 1944



**Búslóðaflutningar og vörudreifing
Sendibílar Suðurland 820 3880, Tómas**

Jólatónleikar

HERA BJÖRK
UNNUR BIRNA
BJÖRN THORODDSEN ÁSAMT HLJÓMSVEIT.

HÓTEL SELFOSS 5. DESEMBER
MIDGARD BASE CAMP HVOLSVÖLLUR 14. DESEMBER

TÓNLEIKAR HEFJAST 20:30
MIDASALA INN Á TIX.IS

JÓLATÓNLEIKAR
SÆTABRAUÐSDRENGJANNA

Selfoskirkja 6. des kl. 20
Miðar á Tix.is og við innganginn

Það vekur hjá mér undarlega fró að lesa um heimilislíf í torfbæ - segir lestrarhesturinn Elín Una Jónsdóttir

Elín Una Jónsdóttir kennir íslensku við Menntaskólann að Laugarvatni og býr í Hruna í Hrunamannahreppi.

Hvaða bók ertu að lesa núna?

Ég var að leggja frá mér bók Theódórs Gunnlaugssonar um Guðmund refaskyttu, *Nú brosir nóttin*, sem Sæmundur hefur nýlega endurútgefið. Í bókinni segir af svakalegu svalki og þrekaunum Guðmundar. Hann lá á greni samanlagt í ríflega sex ár um ævina! Guðmundur sigraði alltaf tófuna og veðrið og á köflum vissi ég ekki hvort ég ætti að hlæja eða falla í staf, hvort um væri að ræða lygasögu eða píslarsögu. Kjarninn í bókinni eru langar og heillandi lýsingar á biðinni eftir tófunni, í felum undir steini eða moldarbarði. Smátt og smátt skynjaði ég sameiginlegan hjartslátt Guðmundar og tófunnar, ósvikið samband manns og náttúru. Kannski væri sniðugt að auglýsa bókina sem kennslubók í núvntund eða sem innlegg í umræðuna um umhverfismál.

Hvers konar bækur höfðu til þín?

Ég fæ útrás fyrir sakamálasögur og rómantik hjá Poirot og Poldark og les því yfirleitt ekki slíkar bækur. Ég les hins vegar flest annað. Mér er til dæmis undarleg fró í að lesa lýsingar á heimilislífi í torfbæ. Ég get endalaust gleymt mér í gömlum bernsku- og æviminningum, mannlýsingum og lýsingum á horfnum samfélögum. Mér hefur dottið í hug að þetta hafi eitthvað með genaminni að gera en það er önnur saga. *Fátækt fólk* Tryggva Emilssonar, frásagnir Vilmundar Jónssonar landlæknis og ævisaga Árna Þórarinssonar eru í uppáhaldi en annars les ég bara allt gamalt sem ég kemst yfir. Það má til dæmis finna gullmola í gömlum ritröðum með æviminningum eins og *Aldnir hafa orðið* og ýmsum frásagnarbókum og þáttum. Það er synd að enginn taki lengur saman safn endurminninga. Ég les líka auðvitað nýrri ævisögur, íslenskar og erlendar, enda er ég svo forvitin. Í því ljósi fannst mér merkilegt að lesa ævisögur Goldu Meir, Barack Obama og Nelson Mandela. Það væri til að æra óstöðugan að telja þetta allt upp. Ég les líka mikið af skáldsögum og er hrifin af sögum sem birta fjarlæga menningarheima og segja veraldarsöguna. Ég nefni

Flugdrekahlauparann frá Afganistan, *Morgna í Jenín* í Palestínu, *Ógnir minninganna* úr Kambódíu og *Villta svani* frá Kína. Þegar Neonklúbbur Bjarts var stofnaður á sínum tíma opnaðist mér nýr heimur. Þvílíkar gersemar sem þar komu út og þvílík nýlunda. Þar kynntist ég Ishiguro, Ian McEwan, Murakami og Kawakami. Nú ætla ég að nefna forlagið Angústúru sem gefur út að mínu mati mest spennandi þýddu erlendu bækurnar. Þær eru frá hinum ýmsu löndum og breikka sjónvildarhringinn og „leshringinn“. Þá nýt ég þess líka að lesa ljóðabækur en sú ánægja er tiltölulega nýtilkomin.

Ég held að ég hafi einfaldlega verið of æst framan af til að kunna að meta ljóð. Ljóð krefjast svo mikils af lesandanum. Þau krefjast náms sambands, tengingar og samliðanar. Það þýðir ekkert að lesa ljóð á hlaupum.

Ertu alin upp við lestur?

Ég ólst upp við mikinn bóklestur allra á heimilinu. Það var eflaust lesið fyrir mig á kvöldin áður en ég lærði að lesa en ég man ekki eftir því. Ég las bara sjálf þegar að því kom og dýrkaði Guðrúnu Helgadóttur, Enid Blyton og Ole Lund Kirkegaard. Ég las einfaldlega allar bækur sem ég fékk í jólagjöf og þær sem voru til á Bókasafni Hrunamanna. Fyrst las ég barnabækur, síðan kúreka- og leynilögreglubækur og loks alla rauðu ástarseríuna sem náði yfir marga rekka á safninu. Ég er alin upp rétt hjá Flúðum og það var einskonar regla að á fimmtudagskvöldum rölti ég malarveginn frá Högnastöðum með vasaljós, því ég var hrædd við drauga, yfir Litlu-Laxárbrúna og upp í Félagsheimili. Erindi mitt var tvíþætt: Fyrst fór ég á bókasafnið uppi í risi til Guðmundar á Kópavatni og fyllti þar góðan plastpoka af bókum og skilaði öðrum eins. Guðmundur sat við gamalt þungt skrifborð og skráði í spjaldskrána. Þá langaði mig sko að verða bókavörður. Síðan lá leið mín niður í sjoppu. Þar keypti ég sínalko og lakkris og fór svo í bíó. Ég man eftir því að það kom fyrir að ég lagðist upp í rúm að þessum menningarkvöldum loknum með verk fyrir brjóstinu því ég hafði gleymt bókaköpunum undir stólum í bíóinu. Ég held að þarna hafi ég fyrst kennt þess tómléika og



Elín Una Jónsdóttir.

öryggisleysis sem ég æ síðan fyllist þegar ég hef „ekki að lesa“. Þetta kemur þó afar sjaldan fyrir, ég trygg mig yfirleitt vel og sef með stafla á náttborðinu.

En hvernig eru lestrarvenjur þínar?

Ég les á hverju kvöldi. Stundum druslast ég snemma í rúmið, stundum seinna en les yfirleitt fram að miðnætti, stundum lengur.

Áttu þér uppáhaldshöfundu?

Ég á marga uppáhaldshöfundu. Ég held að það komi aldrei neinn höfundur í stað þeirra sem ég tengdist þegar ég var unglingur. Ég varð altekin af sögum þeirra og nefni Halldór Laxness, Gunnar Gunnarsson, Hamsun, Selmu Lagerlöf, Tolstoy, Steinbeck og Hemingway. Af íslenskum nútímahöfundum vel ég að nefna Bergsvein Birgisson. Mér finnst *Svar við bréfi Helgu* og *Leitin að svarta vikingnum* frábærar bækur þó ólíkar séu. Hallgrímur Helgason er líka í miklu uppáhaldi. *Konan við 1000°* er að mínu mati einhver framúrstefnulegasta íslenska skáldsagan síðustu ár. Hún er svo djörf og mikil. Af erlendum höfundum nefni ég Kim Leine en bækurnar hans sem gerast á Grænlandi, *Spámennirnir í Botleysufirði* og *Rauður maður, svartur maður* eru stórar sögur og höfðu til mín. Ég las nýlega litla skáldsögu eftir norskan höfund, Roy Jacobsen sem heitir *Hin ósýnilegu* og er einfaldlega stórkostlega vel skrifuð og ég hlakka til að fá fleiri þýðingar á hans verkum.

Hvernig bækur myndir þú skrifa ef þú værir rithöfundur?

Ætli ég myndi ekki skrifa sögur byggðar á öllu því ótrúlega merkilega og sniðuga fólki sem ég hef kynnst um ævina. Ég held reyndar að eina leiðin til að botna eitthvað í þessu lífi sé í gegnum sögur af fólki enda er það kjarninn í öllum bókmenntum.

Upplstur úr jólabókum á fimmtudagskvöld



Bergur Ebbs er meðal höfunda sem mæta í Bókakaffið.

Það verður einvala lið höfunda sem mætir í jólabókaupplstur í Bókakaffinu fimmtudagskvöldið 5. desember. Húsið verður opnað klukkan 20 og upplstur hefst 20:30. Bækur á tilboðsverði og einstakt tilefni til að fá áritað. Höfundar sem mæta að þessu sinni eru: Auður Styrkarsdóttir með Helga-sögu, Bergur Ebbs með Skjaskot. Díana Sjöfn Jóhannsdóttir með Ólyfjan, Hermann Stefánsson með Dyr opnast, Már Jónsson með Draumadagbók Sæmundar Hólm, Óskar Magnússon með Dýrbíta og Sigurður Ingólfsson ljóðskáld með bók sína Í orðamó. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Kisi les Dagskrána eins og aðrir



Lesandi sendi inn mynd af kisa nokkrum sem ekki getur hugsað sér að sleppa því að lesa Dagskrána. Kötturinn bíður spennur eftir póstinum í hverri viku til að renna yfir blaðið. -gpp

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Auglýsingasíminn er 482 1944

ÞÚ FÆRÐ ÖLL BESTU HEYRNARTÓLIN Á ELKO.IS

ELKO



BOSE
BOSE
NC 700 PRÁÐLAUS HEYRNARTÓL

- Allt að 20 klst. raflöðuending
- Google Assistant
- Útloka umhverfisljóð

7942970100 7942970300 7942970400

NY VARA

SENDUM UM LAND ALLT

52.895

EDA 4.967 KR. Í 12 MÁNUÐI
A 0% VOXTUM - ALLS 59.806 KR. - ÁHK 24,15%

STARFSMAÐUR Í ELDHÚS ÓSKAST PRACOWNIK KUCHNI



KFC á Selfossi óskar eftir skipulögðum og framtakssömum starfsmanni í eldhúsið. Um er að ræða fullt starf í vaktavinnu 2-2-3.

Aðeins 20 ára og eldri koma til greina.

STARFSMAÐUR Í ELDHÚSI BER ÁBYRGÐ Á:

- Að elda góðan mat
- Að hráefnið sé sem skildi
- Þrifum
- Undirbúningi
- Frágangi á sinni starfsstöð

Umsóknir berist til sel@kfc.is og á staðnum. Umsóknarfrestur til 10. desember 2019.

- Dołącz do nas i stań się częścią wyjątkowego zespołu
- Szukamy dobrze zorganizowanej i odpowiedzialnej osoby do pracy w kuchni

WYMAGANIA

- Znajomość j. islandzkiego i/lub angielskiego
- Ambicja i doświadczenie
- Zdolności organizacyjne
- Umiejętność pracy pod presją
- Wiek powyżej 20 lat

ZAKRES OBOWIĄZKÓW

- Przygotowywanie posiłków
- Dbanie o czystość w kuchni
- Obsługa maszyn

Wnioski są wysyłane na adres sel@kfc.is i na stronie. Termin składania wniosków do 10 grudnia 2019 r.

Randý kveikir á trénu hjá VISS



Það er mikil hátíðarstund þegar kveikt er á jólatrénu hjá VISS á Selfossi. Rótaryklúbbur Selfoss gefur lifandi tré sem prýðir hæfingarstöðina í desember. Það var Randý Jóhannsdóttir sem kveikti á trénu að þessu sinni og stóð sig með stakri prýði í því hlutverki.

Nýtt kaffihús í LAVA á Hvolsvelli og kvöldopnun 5. desember



Í október opnaði Aska Cafe í LAVA eldfjallamiðstöð á Hvolsvelli og kemur í stað veitingastaðarins Kötlu sem áður var til húsa þar. Hjá Ösku cafe er áhersla lögð á bakkelsi sem er gert á staðnum frá grunni svo sem tertur, smákökur og vöflur ásamt ýmsu öðru til að grípa með sér á ferðinni eða til að njóta á staðnum. Einnig er hægt að fá súpu og nýbakað brauð alla daga og gírnilega salatbakka og samlokur. Umhverfið er hlýlegt og notalegt og staðurinn hentugur til að setjast niður og njóta með heitum kaffi eða kakóbolla. Við hvetjum sem flesta sem eiga leið hjá að kíkja við hjá Ösku cafe. Opnunartíminn er alla daga frá 9:00-17:00.

Þann 5. desember verður sérstök kvöldopnun hjá Ösku cafe og Rammagerðinni frá 17:00-21:00. Ýmislegt verður á dagskrá svo sem gítarhópur sem ætlar að spila jólalög undir stjórn Jens Sigurðssonar kl. 18:00

og barnakór Hvolsskóla sem syngur undir stjórn Ingibjargar Erlingsdóttur kl. 18:30. SS verður með vörुकynningu og LAVA centre býður 20% afslátt af gjafabréfum á sýninguna sem er frábær upplifun í jólapakkann! Frá kl. 18:40 verður jólamynd fyrir börn og aðra áhugasama sýnd í bíosalnum í LAVA. Foreldrar og aðrir ættu því að geta tekið því rólega og notið stundarinnar á Ösku cafe sem verður með sérstök jólatilboð og í Rammagerðinni sem býður afslátt í versluninni þannig að það er tilvalið að hendast í jólagjafainkaupin þetta kvöld enda úrvalið glæsilegt.

Endilega fylgist með frekari fréttum og dagskrá á facebook: Kvöldopnun í LAVA centre.

Við hvetjum sem flesta til að kíkja við þetta kvöld og eiga saman notalega og jólalega kvöldstund.

Starfsfólk LAVA, Ösku Cafe og Rammagerðarinnar á Hvolsvell.

Jólabasar Kvenfélags Eyrarbakka á Stað



Fjöldi fólks leit við á jólabasar Kvenfélags Eyrarbakka sem haldið var á Stað þann 1. desember. Hægt var að gæða sér á vöflum með rjóma og gera góð kaup á allskyns varningi. Einhverjir fóru heim með nýja sokka og vettlinga í stíl. Allur ágóði er nýttur til að styrkja góð málefni samfélaginu til heilla. -gpp

Jólatónar í Hvolnum á Hvolsvelli

Söngkonurnar og Sunn-slendingarnir, Friða Hansen og Karitas Harpa koma saman og halda jólatónleika næstkomandi föstudag í Hvolnum á Hvolsvelli.

Fjögurra til fimm ára meðganga að tónleikum

Söngkonurnar hafa báðar staðið fyrir jólatónleikum á Suðurlandi áður en koma núna í fyrsta sinn fram saman. Aðspurðar hvernig hugmyndin hafi komið til svarar Friða Hansen því svo: „Ég er búin að ganga um með þennan draum í maganum síðan ég hélt tónleika fyrir 4 eða 5 árum síðan. Að halda flotta jólatónleika með flottum söngvurum og góðum hljóðfæraleikum. Ég er búin að vera ákaflega framkvæmdarglöð þetta haustið og varð alveg „húkt“ á hugmyndinni. Ég talaði fyrst við Stefán Þorleifsson sem leist vel á hugmyndina og hringdi svo í Karitas í kjölfarið.“

Jólin dásamlegur tími

„Ég hef undanfarið ár alltaf haldið einhverskonar jólatónleika en hef síðustu 6 mánuði verið í fæðingarorlofi og hafði því ekki skipulagt neitt í ár. Þegar Friða hringdi í mig þótti mér tækifærið tilvalið, mér þykir alltaf einstaklega vænt



um Suðurlandið og jólin svo dásamlegur tími svo þetta gat hreinlega ekki klikkað,“ segir Karitas.

Barnakór Hvolsskóla syngur með okkur

Stúlurnar hafa fengið fleiri til liðs með sér en ásamt Stefáni Þorleifssyni sér Sveinn Pálsson um hljóðfæraleik, Barnakór Hvolsskóla kemur til með að setja sinn fallega hljóð á tónleikana undir stjórn Ingibjargar Erlingsdóttur og söngkonan Sædis Lind Másdóttir verður síðan sérstakur gestur tónleikanna í ár.

Hafið þið hugsað ykkur að gera þetta að árlegum viðburði? „Það er aldrei að vita, sjáum hvernig viðbrögðin verða í ár. Það er ekki sama framboð af hátíðardagskrá á Suðurlandi og finna má t.d. í Reykjavík svo það er alltaf gaman að geta aukið við flórana austan Heiðarinnar,“ segir Karitas.

Listasmiðja með Baniprosonno

Fjölskyldusmiðja desember-mánaðar í Listasafn Árnesinga verður haldin fyrir en venjulega eða næst komandi sunnudag, 8. desember. Indverski myndlistarmaðurinn Baniprosonno, er hugmyndsmiður þeirrar smiðju og verkefnið er að gera nýjan tröllastól samsvarandi þeim sem unnin var hér með honum árið 2011. Sá stóll stóð í mörg ár í bókasafninu börnum til ánægju. Auk þess að vera kunnur myndlistarmaður er Baniprosonno líka þekktur fyrir listasmiðjur sínar sem hann hefur þróað og heldur fyrir börn víðs vegar um heiminn á ferðalögum sínum.

Í listasmiðjunni verður unnið með efni sem fellur frá í dagsins önn, afklippur af trjám, pappír m.a. dagblöð, tímarit og annan glanspappír sem og gamlan stól sem gengur í endurnýjun lífdaga. Smiðjustjóri er sem fyrr Kristín Þóra Guðbjartsdóttir og hún tengir



verkefnið íslenskum tröllasögum og aðstoðar þáttakendur ásamt Baniprosonno og konu hans Putul sem margir hér þekkja og minnast fjörugra smiðja með þeim.

Börn og aðstandendur þeirra eru hvattir til þess að nýta þetta tækifæri, eiga skemmtilega samverustund í safninu. Allt efni, pappír og litir eru til

staðar og aðgangur og þátttaka í listasmiðjunni er ókeypis. Þar sem safnið verður lokað frá og með 16. desember og opnar ekki aftur fyrir en með nýrri sýningu 1. febrúar 2019 er þetta síðasta listasmiðjan í bili. Nánari upplýsingar um smiðjuna og dagskrá safnsins má sjá á heimasíðu þess og samfélagsmiðlum.



Opið jólahús í Ullarversluninni Þingborg



Íslensk ullarsæng



Laugardaginn 7. desember verður opið hús í Ullarversluninni Þingborg frá kl. 9.00-16.00. Vinna verður í gangi í húsinu og notaleg jólastemning. **Álafossteppi með 10% jólaafslætti** og tilboð á lituðum léttlopa.

Kynning og sala verður á **nýjum ullarsængum frá ÍSTEX** frá kl. 12.00-16.00. Frábært úrval í versluninni af hágæða ullarvörum; peysur, vettlingar, húfur, litað band og lopi, gærur og margt fleira. Kaffi, kakó og meðlæti fyrir gesti. **Styðjum íslenskt handverk og verslum í heimabyggð fyrir jólin.**



BYKO

JÓLAEFJÖR

Komdu og gerðu frábær kaup

Opið til 21:00 fimmtudaginn 5. des

Við bökkum vöflur í versluninni!



Komdu í heimsókn og fáðu kaffi eða kakó!

Þú finnur jólagjöfina hjá okkur

Skoðaðu á byko.is



BYKO

GERUM PETTA SAMAN

Auðvelt að versla á netinu á byko.is

Upplestrarkvöld á Bókakaffinu orðin venja fyrir jól

Það eru margir sem leggja leið sína á Bókakaffið hvern fimmtudag fyrir jól sem hluta af adventunni til að njóta þess sem jólabókaflóðið hefur upp á að bjóða. Fimmtudagurinn 28. nóvember sl. markaði upphaf upplestrarkvöldanna sem fram undan eru á Bókakaffinu. Í húsinu var þétt setið meðan höfundar lásu upp úr verkum sínum. Bjarni Harðarson, bóksali stjarnaði við gesti með heitu kakó og rjóma úr héraði meðan á lestrinum stóð. Meðal gesta voru Hildur Hákonardóttir sem las upp úr bók sinni Hvað er svona merkilegt við það að vera biskupsfrú og Sjón las úr skáldsögu sinni Korngult hár og grá augu. Það gerist einhver galdur þegar höfundar lesa sjálfir úr verkum sínum og gæða þau lífi með rödd sinni. Að lestri loknum gafst gestum kostur á að fá bækurnar áritaðar af höfundi.

-gpp



Ég skrifaði fyrr í haust á Fjasbókarsíðu mína dulítið um nýstárlegar hugmyndir um sameiningu sveitarfélaga – hugmyndir sem urðu til við undirbúning sameiningarkosninga í fjórum sveitarfélögum á Austurlandi. Það er skemmt frá því að segja að þessar nýstárlegu hugmyndir hafa nú leitt til þess að í almennri kosningu var ákveðið að þessi fjögur sveitarfélög sameinist strax á næsta ári.

Tílefni þessara framhaldshugleiðinga hér eru: a) Fram komin þingsályktunartillaga sveitarstjórnaráðherra um eflingu sveitarstjórnarstigsins, einkum hótanir um lögþvingaða sameiningu fámennustu sveitarfélaganna b) Ákvörðun Sambands íslenskra sveitarfélaga að veita þingsályktuninni brautargengi fyrir sitt leyti – án þess að að vika málinu til þeirra sveitarfélaga sem málið snertir með beinum hætti c) Útspil Árborgar að taka af skarið og gera tillögu um sameiningu allra sveitarfélaga í Árnessýslu - sem var útaf fyrir sig góðra gjalda verð og borin fram af tilhlýðilegri auðmýkt - og það áhugalessi og neikvæðu viðbrögð sem hún hefur hlotið d) Áhugi á að þoka af stað í nærsamfélaginu umræðu um þessi sameinigarmál. Það verður á endanum alltaf hlutskipti almennra kjósenda að taka afstöðu og ráða úrslitum um framgang málsins – nema því aðeins að beðið verði eftir að lögþvinganir taki gildi. Og það kann að verða lakasti kosturinn.

Hugarfarsbreyting og heimastjórnir

Sterkasta vopn þeirra sem undirbjuggu og töluðu fyrir sameiningu sveitarfélaganna fjögurra á Austurlandi var þetta: **Að miða að samruna sveitarfélaga en ekki samfélaga – og umfram allt að „rústa“ ekki samfélögum.**

Undirbúningsvinna við þessar sameiningarkosningar var nánast byltingarkennd miðað við þær botnfrosnu hugmyndir og holtþokuvæl sem ríkti víðast í sveitum á sameiningartímanum uppúr aldamótunum, og hafa allar götur síðan spillt allri viðleitni til að taka skynsamlega á málum.

Þeir austanmenn komu sér saman um algera hugarfarsbreytingu og eru samtaka um að í nýja sveitarfélaginu ríki raunveruleg valddreifing, ekki bara málamyndasamráð. Í því felst

1. að komið verði á heimastjórnunum í hverju samfélagi,
2. að samfélög sveitarfélagsins („gömlu sveitarfélögin/hrepparnir“) og kjarni þeirra verði varðveitt, sérstæða og samkennd þeirra hljóti fulla viðurkenningu og virðingu
3. að standa vörð um menningarviðburði á hverjum stað
4. að varast of mikla stýringu eða áhrif frá stærsta sveitarfélaginu
5. að líta á fjarlægðir sem áskoranir og styrk en ekki veikleika - og bæta samgöngur
6. að skólar hvers byggðarlags verði eflir en ekki kropsuð úr þeim augum

Klakaböndin falla

Frá því að fyrnefnd þingsályktunartillaga sveitarstjórnaráðherra um eflingu sveitarstjórnarstigsins var kynnt snemma hausts, hefur umræðan þróast og þroskast með jákvæðum hætti að mínu mati. Á landsmælikvarða er það ekki síst að þakka þeim austanvindum sem blésu gláðast um það leyti og tryggðu það hagstæða tíðarfar sem hér verður gert að umtalsefni.

En hvernig skyldu þessir háloftavindar leika um íbúa í Grímsneshreppi hinum forna og nærsveitum, afkomendur

Mosfellinga og Haukdæla? Það er alþekkt að austlægar áttir fara jafnan vel með okkur uppsveitamenn, amk. vestan Hvítár. Hvort sem það er vegna þessar haustblíðu eða annarra hluta, þá hafa þeir atburðir orðið sem benda til þess að klakaböndin séu nú óðum að falla, sem haldið hafa sameiningarumræðunni í herkví. Visa ég þar einkum til þess sem nýlega var ákveðið um framtíðarskipan skólamála í Bláskógabyggð. Þar var höggvið á síðasta hnútinn í þeirri spennitreyju sem reyrd var um skólalæsi í tveimur sveitarfélögum í upphafi aldarinnar. Tveimur segi ég, því vissulega gilti það um Grímsnes- og Grafingshrepp líka. Fyrir nokkrum árum var að fullu losað um þau tók, og þar rekur hreppurinn nú fyrirmyndar leik- og grunnskóla á eigin ábyrgð: Kerhólsskóla. Sama gildir í Bláskógabyggð um skólana á Laugarvatni og í Reykholti.

Hestakaup?

Það er sannfæring mín að hugarfarsbreyting í anda þeirra Austlendinga sé grundvallarforsenda fyrir því að sveitarfélög sameinist farsælega, hvað sem líður lögum um lágmarksíbúafjölda. Sjá menn ekki í hendi sér að ofríkishugsun og alræðishugmyndir er sú hindrun sem stendur í vegi fyrir öllum breytingum, líka eðlilegri framþróun? Það er næsta víst að seint skapast sameiningarhugur og jákvætt andrúmsloft í garð þeirra sem farið hafa fram með þessum hætti – nema víst sé eða óræk teikn á lofti um gjörbreytt hugarfar. Í trausti þess finnst mér nú eðlilegast að horft sé fyrst til næsta nágrennis, nú þegar ljóst er að semja þarf um sameiningu áður en langt um líður, en biða þess ella að boðuð lögþvingun nái fram að ganga.

Bjarni Borkelsson

Þóroddstöðum Grímsnesi



Það er á allra vitorði að viðsýnt er í Grímsnesinu góða og þar er sýn til allra átta – og til er það að óhefðbundnar hugmyndir hljóti hljómgrunn! Samt sem áður finnst mér sem íbúa í þessu góða Grímsnesi, að stórar sameiningar sem víðraðar hafa verið (eða samruni við margfalt stærri sveitarfélög) séu því marki brenndar, sem fram kemur í spaklegum ummælum fyrri tíðar manna: Það er seintekinn gróði að eiga hestakaup við Sumarliða póst.

Það vaxa blóm á þakinu

Umræðan um sameiningu sveitarfélaga að undanförmu hefur að sönnu kallað fram hita og tilfinningar hér um sveitir, og ýmislegt verið rætt og ritað sem ef til vill er betra að liggja í láginni að sinni. En umræðan hefur líka kallað fram jákvæð viðbrögð og ummæli um blómstur blið, og óskir fylgt um að fá að vaxa og dafna. Undir slík ummæli vil ég taka og gera að mínum, einmitt í von um þá framtíðarsýn að það vaxi blóm á þakinu á öllum samfélögum uppsveitanna og hjartastöðum þeirra, skólunum - hverju nafni sem kunni að nefnast.

Ég minntist herna áðan á klakabönd. Ef það er rétt metið að þau séu nú sem óðast að hrynja af í hnjúkaþeynum að austan, sé ég fyrir mér að senn verði allur sá klaki að þíðu bergvatni og falli í einum farvegi um endilanga sveit – og birtingarmyndin verði þessi: Bunulækur blár og tær!

LJÓSMYNDASAMKEPPNI DAGSKRÁRINNAR

Sendu okkur **jólamynd** og þú gætir unnið glæsileg verðlaun!

Sigurvegurinn fær að verðlaunum glæsilega **Canon EOS M100** myndavél ásamt því að fá sigurmyndina birta á forsíðu **jólablaðs Dagskrárinnar** 11. desember nk.

Sendu okkur myndina, ásamt nafni og síma, á dagskrain@prentmet.is, merktá „Jólamyndin mín“, og þú ert komin(n) í pottinn!

Senda þarf myndina inn fyrir sunnudaginn 8. desember 2019.

Canon EOS M100

spjalllaus myndavél með EF-M 15-45mm f/3.5-6.3 IS liðu

- 24,2 megapíxla CMOS myndflaga.
- Wi-Fi, NFC, Bluetooth.
- Full HD í 60p vídeó.



Verðmæti
74.900 kr.

origo.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS



HÚSASMÍDJAN
HLUTI AF BYGMA

blómaval

Allar stærðir

JÓLATRÉ

2.990 kr

~~5.990 kr~~

Eitt verð • Veljið sjálf 150-240 cm
Normannspínur • Standard flokkur • Meðan birgðir endast



Jólagjafahandbókin er á husa.is
38 blaðsíður af jólagjafahugmyndum

30% afsláttur

13.995 kr
~~19.995 kr~~

Topplyklasett 110 stk.
NEO, 110 stk., 1/2" - 1/4"
toppar 4-32 mm, skrálf 72T.
5052570

25% afsláttur

19.492 kr
~~25.990 kr~~

Ryksuga
Electrolux Animal
EPF6ANIMAL.
1805301

25% afsláttur

33.595 kr
~~44.995 kr~~

Borvél 18V
2 stk., 1.5Ah Li-ion rafhlöður.
+ 100 fylgihlutir.
5247080

30% afsláttur

2.790 kr
~~3.990 kr~~

Handþeytari
Tristar.
1841116

Íþróttir

Efni sendist á: dagskrain@prentmet.is

Hamar endurheimti toppsætið

KÖRFUBOLTI Hamar tók á móti Sindra í 9. umferð 1. deildar karla í körfu síðastliðið föstudagskvöld. Hamarsliðið var fyrir leikinn talið mun sigurstranglegra en annað átti eftir að koma á daginn. Hamarsliðið leiddi mest allan leikinn og náðu þeir mest 16 stiga forskoti 61-45. Sindramenn náðu þó að minnka muninn og hélst munurinn að mestu í 6-10 stigum.

Flestir voru farnir að færa tvö stig yfir til Hamars þegar Everage kom sínum mönnum 12 stigum yfir 92-80. En Sindramenn voru ekki tilbúnir að gef-

ast upp, þvert á móti skorðu þeir næstu 14 stig leiksins og komust í fyrsta skiptið í forystu 92-94. Liðin skiptust svo á körfum 94-96 og Everage jafnaði leikinn síðar í 96-96.

Það var svo þegar sjö sekúndur voru eftir að Everage ísaði leikinn með þriggja stiga skoti 99-96. André Michelsson fékk hins vegar tækifæri á að jafna leikinn en skotið geigaði og Hamarsmenn eru því komnir aftur á toppinn ásamt Breiðabliki og Hetti en öll liðin eru með 16 stig eftir 9 leiki.




Aladdín – Jólasýning fimleikadeildar

FIMLEIKAR Árleg jólasýning fimleikadeildar Umf. Selfoss verður haldin nú á laugardag. Þetta er í fjórtánda sinn sem sýningin er þemabundin og undanfarna daga hafa iðkendur og þjálfarar lagt nótt við dag til að bjóða gestum upp á Disney-ævintýrið um Aladdín. Eins og alltaf er sýningin hin glæsilegasta og allir iðkendur deildarinnar fá að taka þátt.

Að venju verða þrjár sýn-

ingar kl. 9:30, kl. 11:15 og kl. 13:15 og er sýnt í íþróttahúsi Vallaskóla á Selfossi. Vakinn er athygli á að gestir ganga inn á sýninguna um inngang á íþróttahúsi en út í gegnum aðalandyri Vallaskóla.

Líkt og í fyrra höfum við ákveðið að prenta ekki út leikskrána okkar, þar sem það er mikil pappírseyðsla og okkur er annst um jörðina okkar. Hægt er að nálgast rafræna leikskrá



á vefsíðu Umf. Selfoss www.selfoss.net.

Forsala aðgöngumiða verður í anddyri Vallaskóla á föstudag kl. 15-18. Miðaverð er kr. 2.000 fyrir 12 ára og eldri.

Sex marka tap í Hleðsluhöllinni

Selfyssingar töpuðu fyrir FH í Hleðsluhöllinni á mánudagskvöldið með sex mörkum, 31-37. Jafnræði var með liðunum fram á 12. mínútu en þá komust FH þremur mörkum yfir, úr 6-6 í 6-9. Munurinn hélst 2-4 mörk út fyrri hálfleik og staðan í leikhléi 14-18. Lítið gekk hjá Selfyssingum í seinni hálfleik, FH jók muninn í seinni hálfleik og náðu mest átta marka forskoti. Selfyssingar minnkuðu muninn niður í sex mörk fyrir leikslok en sig-



Mynd: Atli Ævar var markahæstur með 10 mörk. Sunnlenska.is / Guðmundur Karl

ur FH-inga var aldrei í hættu. Lokatölur 31-37.

Markahæstur Selfyssinga

var Atli Ævar með 10 mörk, Hergeir skoraði 6/4, Haukur var með 4 og Guðni Ingvars 3 mörk. Þeir Magnús Óðer, Reynir Freyr og Alexander Már skoruðu allir 2 mörk og þeir Ísak Gústafs og Guðjón Baldur skoruðu sitt markið hvor. Sölvi varði 11 skot (30%) og Einar Baldvin 3 skot (20%).

Næsti leikur hjá strákunum er á laugardaginn gegn ÍR í Austurbergi kl. 16.00. Við hvetjum alla til að fjölmenna í Breiðholti á laugardaginn.

Sætur sigur á Stjörnunni

HANDBOLTI Selfoss lagði U-lið Stjörnunnar með þremur mörkum í hörkuleik í Grill 66 deildinni á sunnudaginn.

Selfyssingar byrjuðu leikinn betur en að loknum jöfnum og spennandi fyrri hálfleik leiddu heimakonur með tveimur mörkum 12-10. Selfoss hóf seinni hálfleikinn af krafti og komust mest átta mörkum yfir. Gestirnir gáfust ekki upp og náðu að minnka forskotið hægt og rólega og munurinn var kominn niður í tvö mörk þegar um sex mínútur voru eftir. Nær komst Stjarnan ekki og Selfoss hrósaði þriggja marka sigri, 25-22.

Mörk Selfoss: Hulda Dís Þrastardóttir 9/2, Tinna Sigurros Traustadóttir 6, Katla María Magnúsdóttir og Rakel Guðjónsdóttir 3, Elín Krista Sigurðardóttir, Sigríður Lilja Sigurðardóttir, Agnes Sigurðardóttir og Hólmfríður Arna Steinsdóttir 1 mark hver. Varin skot: Henriette Østergaard 7 (25%) og Dröfn Sveinsdóttir 2 (50%).

Stelpurnar eru í þriðja sæti deildarinnar með 16 stig að loknum tíu umferðum og næsti leikur sem jafnframt er seinasti leikur stúlkanna á þessu ári er á útivelli gegn toppliði Fram U á laugardag kl. 16:30. -esó



Tinna var öflug gegn Stjörnunni. Ljósmynd: Sunnlenska.is/Guðmundur Karl

Nýr meistaraflokkur kvenna hjá Hamri

KNATTSPYRNA Á dögum var merkur dagur í sögu Knattspyrnudeildar Hamars. Þá fór fram fyrsti leikur Hamars í meistaraflokki kvenna þegar liðið heimsótti Leikni í Breiðholti. Leikurinn tapaðist 0-4, en úrslitin gáfu þó ekki rétta mynd af leiknum. Leikurinn var jafn og fengu allir leikmenn Hamars að spila mínútur í leiknum.

Stór hópur af stelpum frá Suðurlandi hafa verið að æfa reglulega frá því í vor og er mikill hugur í þeim fyrir komandi tímabil. Liðið er skráð til leiks

í Lengjubikarinn í vor ásamt því að liðið mun taka þátt á Íslandsmótinu næsta sumar.

Markmiðið er að gefa áhugasömum stelpum tækifæri á að spila knattspyrnu við góðar aðstæður og umgjörð í Hveragerði. Einnig að búa til fyrirmyndir fyrir fjölmargar ungar stúlkur sem eru að æfa hjá Hamri. Hamar hefur aldrei áður átt lið í meistaraeild kvenna í knattspyrnu. Því eru spennandi tímar framundan í Hveragerði og verður gaman að fylgjast með þessu skemmtilega verkefni.



Kjörismót í Hamarshöllinni í Hveragerði

KNATTSPYRNA Árlegu Kjörismótin í Hveragerði hjá Knattspyrnudeild Hamars eru hafin. Síðastliðna helgi voru á milli 600-700 drengir úr 7. og 6. flokki sem léku listir sínar í Hamarshöllinni. 11 félög frá suðvesturhorninu voru skráð til leiks og er þetta orðinn fastur

liður hjá mörgum félögum að taka þátt í mótinu.

Eftir keppni fengu allir keppendur verðlaunapening, pítsu og Kjörís. Nk. sunnudag munu svo 7., 6. og 5. flokkur kvenna keppa á Kjörismótinu. 14. desember mun svo vera mót fyrir 5. flokk karla.



Hamarskeppendur sigursælir í badminton

BADMINTON Unglingamót HSK í badminton var haldið í Hveragerði sunnudaginn 17. nóvember síðastliðinn. Keppendur voru 29 talsins frá þremur félögum; Dímon, Hamar og Umf. Þór. Mótið gekk mjög vel fyrir sig og fóru allir ánægðir heim. Á mótinu var stigakeppni milli félaganna, þar sem keppt var um HSK-meistaratítilinn. Hamar fór með sigur úr býtum með 58 stig, Umf. Þór var í öðru sæti með 10 stig og Dímon í því þriðja með 5 stig.



Mynd: Sigurlið Hamars

Góður árangur á Gaflaranum



Keppendur í þrautabraut 8-9 ára.

FRJÁLSAR Rúmlega 20 iðkendur fjálsþróttadeildar Selfoss kepptu á Gaflaranum í Hafnar-

firði 9. nóvember og stóðu sig vel. Ljósmynd frá þjálfurum og foreldrum Umf. Selfoss. -at



Keppendur í 10 ára flokki.



Keppendur hjá 7 ára og yngri.

Hamar 1 leiðir að loknum fyrri hluta HSK-móts í blaki

BLAK Fyrri hluti héraðsmóts karla í blaki fór fram í Hamarshöllinni í Hveragerði 21. nóvember sl.

Nýkrýndir hraðmótsmeistarar HSK í UMFL 1 mættu Hamri 1 í fyrsta leik sem reyndist of stór biti fyrir Laugdæli í þetta sinn því Hamarsmenn mættu með öflugt og einbeitt lið sem sigraði leikinn af miklu öryggi. Hamar A lék á sama tíma við UMFL 2 og lauk þeim leik einnig með 2-0 sigri Hamarsmanna. Í annarri umferð náðu UMFL 1 síðan að svara Hvergerðingum með sigri á Hamri A í jöfnum og spennandi leik og í sömu umferð tóku Hrunamenn leikmenn Dímons hreinlega í kennslustund með stórsigri. Í lokaumferð kvöldsins urðu hinsvegar margfaldir HSK-meistarar Hrunamanna að játa sig sigraða gegn sterku liði Hamars 1 sem kláraði kvöldið með fullt hús stiga. Fyrri hluta mótsins lauk svo með æsispennandi einvígi UMFL 2 og Dímons og þurfti oddahrinu til að skera úr um úrslit sem UMFL 2 kláraði með 2 stiga mun eftir æsispennandi leik.

Staðan að lokinni fyrir umferð er að Hamar 1 er efst með 6 stig, í 2.-4. sæti með 3 stig sitja Hrunamenn, Hamar A og UMFL 1, þá kemur UMFL 2 í fimmta sæti með 2 stig og Dímon rekur lestina með eitt stig.

Dagný á palli í Rúmeníu

TAEKWONDO Í lok nóvember fóru fjórir keppendur frá Selfossi til Rúmeníu með keppnisliði Einherja að keppa á Dracula Open G1. Það voru þau Ingibjörg Erla Grétarsdóttir, Dagný María Pétursdóttir, Gunnar Snorri Svanþórsson og Natan Hugi Hjaltason. Ásamt þeim var Anton Heiðarsson úr Björk auk þjálfaranna Sigursteins Snorrasonar og Daniels Jens Péturssonar.

Ingibjörg Erla var að keppa á sínu fyrsta alþjóðlega móti í tæp tvö ár eftir meiðsli og var gaman að sjá hana aftur inni á vellinum, en því miður datt hún út í fyrstu umferð.

Dagný María lenti í því leiðinlega atviki að vera komin alla leið til Rúmeníu og fá engan bardaga í sínum þyngdarflokki -73kg og þurfti því að færa sig upp í þungavigt kvenna. Þar keppti hún á móti æfingafélaga



Dagný María (t.v.) á verðlaunapalli. Ljósmynd: Umf. Selfoss/Daniel Jens

sínum úr HUK-TI frá Danmörku og hafnaði í öðru sæti.

Gunnar Snorri keppti sinn fyrsta senior bardaga á G-Class móti en lenti strax á móti sterkum andstæðingi frá Rússlandi og datt út í fyrstu umferð en kemur reynslunni ríkari heim.

Natan Hugi keppti á sínu fyrsta G-Class móti í flokki junior og stóð sig vel framan af en tapaði að lokum á móti reynslumeiri keppanda í fyrstu umferð.

Flottur árangur hjá okkar fólki. -djp

Jóladvergarnir HSK-meistarar í boccia

BOCCIA HSK-mót í boccia fatlaðra, liðakeppni, var haldið í Vallaskóla 26. nóvember sl. og voru keppendur 25. Tvö félög tóku þátt í mótinu, Gnýr og Suðri, og var ákveðið að draga í lið þannig að keppendur frá hvoru félagi gátu lent í sama liði. Þetta eflir félagsandann og gefur keppendum tækifæri til að kynna betur. Keppendur gáfu liðum sínum nöfn og eru úrslit eftirfarandi:

1. sæti. Jóladvergarnir: Sigríður Erna Kristinsdóttir, Bjarni Friðrik Ófeigsson og Berglind Hrafnkelsdóttir

2. sæti. Víkingarnir: Guð-

rún Jóna Ingvarsdóttir, Reynir Ingólfsson og Leó A. Grönvold Einarsson

3. sæti. Frostrósir: Telma Þöll Þorbjörnsdóttir, Valdís Jónsdóttir, Ingólfur Andrasón.



Jóladvergarnir þau Bjarni, Sigríður og Berglind.

Fimleikadeild Selfoss kynnir

Aladdin

1. sýning kl. 09:30
2. sýning kl. 11:15
3. sýning kl. 13:15

Íþróttahúsi Vallaskóla, 7. desember 2019



Forsala aðgangsmiða í anddyri Vallaskóla föstudaginn 6. desember frá 15:00-18:00 Miðaverð 2000 kr. fyrir 12 ára og eldri



ÖLFUS

Skipulagslýsing fyrir Þorlákshöfn

Bæjarstjórn Ölfuss samþykkti að auglýsa skipulagslýsingu skv. 2. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eftir umræður og afgreiðslu 1. fundar Skipulags- og umhverfisnefndar Ölfuss þann. 21. 11. 2019 sl.

Skipulagslýsing var lögð fram í skipulagsnefnd skv. 1. mgr. 40. skipulagslaga nr. 123/2010. Hún snýr að iðnaðar- og athafnasvæði í Þorlákshöfn. Verkfræðistofan Efla vann lýsinguna fyrir sveitarfélagið vegna áforma um nýtt deiliskipulag fyrir athafnasvæði í Þorlákshöfn við Unu- og Vesturbakka.

Skipulagssvæðið er 16 ha. að stærð og er staðsett í miðju þéttbýli Þorlákshafnar. Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir atvinnusvæði sem liggur vestan megin við Óseyrarbraut. Skipulagssvæðið er að stórum hluta þegar byggt og er starfsemin á svæðinu. Landnotkun skv. gildandi aðalskipulagi Ölfuss er athafna- og iðnaðarsvæði. Á svæðinu eru í gildi tvær deiliskipulagsáætlanir sem munu falla úr gildi við gildistöku nýs deiliskipulags, annað frá 26. 11. 09 en hitt 22. 03. 18.

Tækifæri eru innan svæðisins til að auka við byggingarheimildir á þegar byggðum lóðum ásamt því að skilgreina nýjar lóðir og með þeim hætti að nýta betur landsvæðið og þetta atvinnubyggð. Óbyggð hlutinn er hálfgróið hraun þar sem einhver uppgræðsla hefur átt sér stað, m.a. með melgresi og lúpínu.

Með skipulagslýsingu þessari er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum nýs deiliskipulags og komandi skipulagsvinnu. Lýsing deiliskipulagsins verður send til umsagnaraðila. Athugasemdafrestur er frá 2. til 18. desember. Ábendingum má skila skriflega á bæjarskrifstofur Ölfuss að Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn eða á skipulag@ölfus.is.

Skipulags- og byggingarfulltrúi



HEILSUHORN HSU

Eyrnasuð

Eyrnasuð (tinnitus) er hvers konar hljóð sem heyrir inni í eyranu eða höfðinu og kemur ekki frá umhverfinu. Vægt eyrnasuð er mjög algengt, segja má að næstum allir finni fyrir eyrnasuði eftir mikinn hávaða en eyrnasuð getur líka komið upp úr þurru en yfirleitt hverfur það eftir smá tíma.

Rannsóknir hafa bent á að 10-20% fólks finni fyrir langvarandi eyrnasuði. Suðið er missterkt og getur verið stöðugt eða komið með hléum. Erfitt getur verið að lýsa eyrnasuði fyrir þeim sem aldrei hafa upplifað slíkt en því hefur verið lýst sem; suði, drunum, þyt, tón, hringli, kliši, hvísli, slætti og ískri. Það getur verið hvort sem er í öðru eyranu eða báðum. Eins getur styrkur suðsins/hljóðsins verið mjög breytilegur, stundum vægur og stundum sterkur. Eyrnasuð er ástand sem hrjáir fólk á mjög einstaklingsbundinn hátt og getur verið mjög ergilegt og truflandi. Eyrnasuð er ekki sjúkdómur heldur einkenni einhvers sem truflar starfsemi eyrans eða heyrnartaugarinnar. Orsakir geta verið fjölmargar og eru sumar þekktar en aðrar ekki. Langflestir sem eru með eyrnasuð hafa fengið það eftir að hafa unnið í hávaða í lengri tíma en einnig er þekkt að einn hávær hvellur geti líka orsakað eyrnasuð til lengri tíma. Þess ber þó að geta að sumir sem eru með eyrnasuð hafa aldrei unnið eða verið í hávaða. Orsökinn getur einnig verið bakteríusýking í miðeyra, veirusýking í innra eyra, skemmdir á taugaendum heyrnartaugarinnar, vöðvabólga, æxli í heyrnartaug, sjúkdómur í kjálkalið eða innra eyra, æðavandamál, ofnæmi, eynamerger, lyfjanoftkun og fleira. Oft finnst engin orsök þrátt fyrir ítarlega leit.

Meðferð.

Langflestir sem leita sér hjálpar vegna eyrnasuðs eru alheilbrigðir og suðið ekki einkenni um neitt alvarlegt heilsufarsvandamál. Fyrst og fremst skal einstaklingur með eyrnasuð ráðfæra sig við sinn heimilislækni sem sker úr um orsakir eyrnasuðsins eða vísar einstaklingnum til frekari skoðunar hjá háls-, nef- og eynalækni. Notast er við ýmskonar próf til að



Rán Jósepsdóttir, Hjúkrunarstjóri Heilsugæslu Rangárbings.

greina orsök og eðli suðsins. Meðferðin ræðst svo mikið til af því hvort viðkomandi er með einhvern sjúkdóm sem veldur eyrnasuðinu sem hægt er að lækna. Í mörgum tilfellum fara saman eyrnasuð og heyrnartap sem getur verið í öðru eða báðum eyrum.

Ef ekki finnst orsök eyrnasuðsins er ekki hægt að finna lækningu við því en til eru ýmsar aðferðir við meðhöndlun þess sem gera eyrnasuðið bærilegra. Það er einstaklingsbundið hvað hentar hverjum og einum og þarf því að gefa sér tíma til að prófa ýmsar leiðir til að sjá hver reynist viðkomandi best.

Nokkrar aðferðir til að gera eyrnasuð bærilegra.

- Heyrnartæki. Heyrnartap fylgir stundum eyrnasuði og þá getur verið gott að prófa notkun heyrnartækja sem magna upp hljóð umhverfisljóða og gera suðið minna áberandi.
- Suðari. Suðari er lítið tæki sem notar lágt samfellt hljóð til að maður greini síður eyrnasuðið. Suðari fjarlægir ekki eyrnasuðið heldur lætur suðið eða söninn virka mýkri. Sumir eiga betur með svefn ef þeir nota maska.
- Lyfjameðferð. Til eru lyf sem slá á eyrnasuð.
- Ráðgjöf. Skilningur og hlustun fagaðila eða jafnvel vinar getur hjálpað.
- Tónlist/hljóð. Umhverfisljóð, sjávarniður, fuglahljóð.
- Slökun. Slökun skiptir máli því streita getur magnað eyrnasuð.

F.h. Heilbrigðisstofnunar Suðurlands,

Rán Jósepsdóttir, hjúkrunarstjóri heilsugæslu Rangárbings

Húsfreyjan – elsta kvennatímarit Íslands – 70 ára



Gestir á málþingi Húsfreyjunnar. Ingibjörg Jóhannesdóttir, Rakel Þórðardóttir, Katrín Guðmundsdóttir, Guðrún Guðmundsdóttir og Mjöll Einarsdóttir. Hringur: Guðrún Þórðardóttir forseti KÍ og Kristín Linda Jónsdóttir, ritstjóri Húsfreyjunnar.

Húsfreyjan er elsta starfandi kvennatímarit landsins. Það hefur komið óslitið út frá 1949 og er gefin út af Kvenfélagasambandi Íslands.

Kvenfélögin á Íslandi eiga sér langa og merka sögu. Fyrsta kvenfélagið er stofnað í Rípurhreppi í Skagafirði 7. júlí 1869. Kvenfélagskonurnar settu sér stefnuskrá og þar á meðal var að bæta búskapar- og atvinnuhætti, endurreisa íslenska tungu, bæta almenna menntun og vakningu meðal almennings. Skýrt var opinberlega frá stofnun kvenfélagsins og varð það hvatning til kvenna um allt land að fara að dæmi kynsystra sinna og fjölgaði kvenfélögum á næstu árum og áratugum. Kvenfélögin stofnuðu síðan héraðssambönd kvenfélaganna í sýslum landsins og Kvenfélagasamband Íslands (KÍ) var stofnað 1. febrúar 1930.

Á landsþingi KÍ 1949 var ákvörðun tekin um að gefa út ársfjórðungsrit, 5 arkir að stærð ef 1500 kaupendur fengist og að hvorki þyrfti að greiða ritstjórnar- né afgreiðslulaun. Þá mætti selja árganginn á 20 krónur.

Húsfreyjan hefur komið út óslitið frá þeim tíma og er hluti af menningu og sögu þjóðarinnar. Húsfreyjan varðveitir merkilega sögu kvenna á Íslandi á tímum kvennabaráttu og umbrotatímum þegar konur fara í auknum mæli út í atvinnulífið. Í Húsfreyjinni hefur verið leitast við að fræða og kenna. Hannyrðir og heimilishald hafa frá upphafi skipað stóran sess ásamt ýmsu sem ritstjóri og ritnefnd töldu að ætti erindi til kvenna. Leiðbeiningastöð heimilanna, sem hefur verið rekin af KÍ síðan 1963, hefur átt fasta þætti í blaðinu og gefið góð ráð í heimilishaldi á hverjum tíma.

Dæmi úr Húsfreyju frá 1980. Á þeim tíma var fastur liður í Húsfreyjinni *Dagbók konu*. Þá var leitað til konu sem var áskrifandi og hún beðin að skrá dagbók í eina viku fyrir Húsfreyjuna. Hér er gripið niður í dagbók Sigríðar Theodoru Sæmundsdóttur á Skarði í Landssveit, fyrrum heiðursfélag

Sambands sunnlenskra kvenna.

Föstudagur 10. október 1980. Klukkan 7:30 fór ég á fætur. Mjólkurbílsstjórnin kom að vanda. Nú átti að farga fé til heimanotkunar í dag, svo mikið var að starfa. Ég var í ýmsum heimilissörfum. Alþingi var sett í dag og ég var strax ákveðin í því að láta ekkert trufla mig, svo ég gæti hlustað á hinn nýkjörna forseta Vigdísar Finnbogadóttur, setja þingið. Ég fékk næði til þess og það var stór stund hjá mér að heyra konu vera í æðstu stöðu og gegna því starfi með sæmd eins og Vigdís gerði.

Boðskapur hennar og flutningur var slíkur að ég var stolt af. Eftir kaffi fór ég niður í þvottahús, þangað var búið að bera inn mikið slátur. Nú borðuðu allir hjá Fjólu, svo ég var í næði. Fór aðeins upp til að sjá fréttir í sjónvarpinu, sérstaklega forsetann og þingheim.

Húsfreyjan kemur út fjórum sinnum á ári. Hún er send til fastra áskrifenda og einnig seld í lausasölu. Nú er á döfinni að skoða rafræna áskrift þar sem áskrifendur geta valið að lesa blaðið á netinu.

Húsfreyjan hefur tekið nokkrum breytingum í árunum rás bæði að útliti og efni. Árið 1994 var brot blaðsins stækkað upp í A4. Efnið hefur eðlilega fylgt þróun og breytingum í þjóðfélaginu. Það hefur þó yfirleitt verið tengt heimilishaldi og fjölskyldumálum og öðrum málefnum sem konur láta sig varða.

Á sjötta áratug síðustu aldar var til dæmis lögð áhersla á hreinlæti á heimilum, ræktun grænmetis og heimasaum á fötum en undanfarin ár hefur meiri fræðsla verið um matar- og fátasoun.

Á afmælisári 2019 var ljóðasamkeppni og var þemað kona. Það barst 91 ljóð í samkeppnina og valdi dómnefnd þrjú verðlaunaljóð sem þegar hafa birst í júlíblaðinu. Einnig voru valin 12 önnur ljóð sem verða birt í Húsfreyjinni á næsta ári.

Húsfreyjan er síung, hún hefur fylgt því sem hefur verið að gerast í þjóðlífinu á 70 árum eða eins og góð kona orðaði svo skemmtilega „Húsfreyjan er eiginlega spegill í fortíðina

á svo margan hátt.“ Það var útgáfuhátíð í febrúar þegar fyrsta blaðið á afmælisári kom út og síðan var haldið málþing þegar síðasta blað ársins kom út. Lesendur blaðsins hafa séð á síðum þess á afmælisári margt frá fyrri tíð sem hefur verið rifjað upp. Föstudaginn 15. nóvember var hátíð á Hallveigarstöðum, málþing og afmælishóf í tilefni 70 ára útgáfu Húsfreyjunnar. Húsfyllir var þar sem gestir hlýddu á fróðleg erindi um sögu Húsfreyjunnar. Guðrún Þórðardóttir forseti Kvenfélagasambandsins setti málþingið og bauð gesti velkomna. Kristín Linda Jónsdóttir ritstjóri Húsfreyjunnar fór yfir útgáfu, sögu og ritstjórn. Kristín Ástgeirsdóttir sagnfræðingur og fyrrum framkvæmdastýra Jafnréttisstofu flutti erindi um viðmælendur Húsfreyjunnar. Guðrún Hallgrímsdóttir matvæla- verkfræðingur ræddi um fæðuval og matargerð í Húsfreyjinni. Jóhanna Erla Pálmadóttir verk-efnisstjóri Textilseturs Íslands á Blönduósi gerði handavinnusögunni skil eins og hún birtist í Húsfreyjinni á liðnum árum. Rakel Þórðardóttir sunnlensk kvenfélagskona horfði til framtíðar frá sjónarhóli áskrifenda. Þuríður Sigurðardóttir söng við undirleik Pálma Sigurhjarðarsonar og fengu þau gesti með sér í fjöldasöng. Þórný Jóhannesdóttir varaforseti KÍ var dagskrárstjóri þingsins. Stjórn KÍ og útgáfustjórn Húsfreyjunnar voru ánægðar með hversu viðburðurinn var vel sóttur og þakka þeim fjölmörgu sem tóku þátt og gerðu daginn eftirminnilegan.

Það er þakkarvert að Húsfreyjan hafi eflst eins og raun ber vitni og ánægðum áskrifendum fjölgar. Undirrituð er uppalin norður í Húnavatnssýslu og kynntist tímaritinu Húsfreyjinni á barnsaldri, báðar ömmur mínar og móðir voru áskrifendur og nú er dóttir mín orðin áskrifandi. Þar eru fjórar kynslóðir áskrifenda og spannar aldur þeirra heila öld. Ég hvet lesendur og kvenfélögin í landinu til að halda Húsfreyjinni á lofti og styðja og styrkja áframhaldandi útgáfu hennar.

Guðrún Þóranna Jónsdóttir formadur útgáfustjórnar Húsfreyjunnar



Guðrún Þórðardóttir forseti KÍ með fyrstu Húsfreyjuna sem kom út árið 1950.

„Freki kallinn“ og sannleikurinn Kaffi, spjall og fornmunir

„Freki kallinn“ er þekkt hugtak í tali fólks um pólitík. Jón Gnarr, fyrrverandi borgarstjóri er höfundur hugtaksins og skilgreindi hann hugtakið „Freki kallinn“ með ýmsum og fjölbreyttum hætti. Ekki er víst að allir þeir „mannkostir“ sem þar koma fram geti rúmast innan einnar manneskju, sögupersónu eða flokk manna og kvenna.

Á meðal þeirra „mannkosta“ sem Freki kallinn hefur, eru eftirfarandi: Freki kallinn er stjóri. Hann stjórnar. Hann kann að messa yfir öðrum og fátt finnst honum skemmtilegra en að halda lofæður um sjálfan sig nema ef vera skyldi að taka við viðurkenningu frá sjálfum sér. Í hans augum eru allir sem eru ekki sammála honum eintóm fiðl og fávitar. Hann sýnir vandlætingu sína með svipbrigðum og orðum. Hann veit allt betur en aðrir og hefur alltaf rétt fyrir sér. Hann kann ekki að skammast sín, veit ekkert hvað það er, og er iðulega fyrstur til að segja öðrum að skammast sín.

Óþreytandi tuddast svo Freki kallinn áfram og er alveg sama þótt hann rekist utan í aðra eða meidi og skaði með framkomu

sinni. Hann er ekkert mikið að þæla í öðrum, þeir skipta hann engu máli. Freki kallinn og samherjar hans eru vegurinn, sannleikurinn og lífið.

Hver er sannleikurinn?

Í síðustu Dagskrá ritar oddviti Sjálfstæðismanna í Svf. Árborg grein sem bar yfirskriftina „Hafa skal það sem sannara reynist“, þar sem hann veitist meðal annars að mér persónulega. Í grein sinni tuddast oddvitinn úr einu efninu í annað með sannleikann sinn að vopni. Greinin er almennt ruglingsleg aflestrar og ber þess merki að sá er hana ritar sé ekki að fylgjast með því sem er að gerast hjá sveitarfélaginu um þessar mundir né hafi lágmarks þekkingu á verklegum framkvæmdum.

Í greininni er til dæmis fullyrt, að búið sé að fresta því að taka nýja skólabyggingu í gagnið til ársins 2023, þegar það rétta er að hún er nú í hönnunarferli og gert er ráð fyrir því að taka fyrsta hluta hennar í notkun á haustmánuðum 2021. Svipaða sögu má segja er greinarhöfundur nefnir byggingar leikskóla. Þar ruglar oddvitinn saman tveimur fyrirhuguðum leikskólabyggingum

Tómas Ellert Tómasson
bæjarfulltrúi
M-lista í Svf.
Árborg og for-
maður Eigna- og
veitunefndar.



þvers og kruss.

Þegar svo rýnt er í fyrrnefnda grein í leit að sannleikskorni, má finna þar setningu þar sem rétt er farið með. Setningin sú hljóðar svo: „Fasteignafélagið fær vsk. af byggingarkostnaði endurgreiddan á framkvæmdatíma“. Undirritaður benti á það sama í grein sinni um „Fjölnota íþróttahús á Selfossvelli“, að virðisaukaskattur er endurgreiddur af framkvæmdinni, sem var kjarni máls þeirrar greinar. Hvað svo gerist er húsnæðið er tekið í notkun og leigt út, kemur framkvæmdinni sjálfri ekkert við.

Að lokum vil ég benda oddvita Sjálfstæðismanna á, að það er lítillmannleg framkoma gagnvart því fólki sem er manni kært og nátenng, t.d. ömmu manns, að nota það sem fylliefni í fylubombur Freka kallsins sem fær ekki að stjórna eftir eigin geðþótta.



Það eru skemmtilegir viðburðir um allar köppagrundir nú í desember. Í Brimróttinu niðri á Stokkseyri var fornleifafræðingurinn Ármann Guðmundsson með áhugaverðan fyrirlestur og gripakynningu. Gestir komu sér þægilega fyrir í afslöppuðu umhverfinu. Áður en fyrirlesturinn hófst gafst gott tækifæri til að spjalla saman um daginn og veginn. Mynd: GPP

Listhandverk í heimabyggð

Handverk og hugvit undir Hamri í Hveragerði fagnar tíu ára starfsemi á þessu ári. Handverkshópurinn starfar í húsinu Egilsstaðir við Skólamörk. Húsnæðið, sem Hveragerðisbær leggur til, er ætlað undir listsköpun í bænum. Segja má að þar sé hver krókur og kimi vel nýttur af allskonar listafólki sem stundar handverk, myndlist og tónlist í víðum skilningi.



aðstöðuna og félagsskapinn. „Að hafa aðstöðu sem þessa gerir mér kleift að sinna listinni minni og að vera í samneyti með öðrum listamönnum sem hefur gefið mér mjög mikið. Húsið er á besta stað í bænum og ég á margar góðar minningar úr smíðum og handmennt hér sem barn. Það er dásamlegt að setjast niður eftir amstur dagsins og gleyma sér í keramikinu.“ segir Friða Magga. Eins og fram hefur komið er Friða Magga leirlistarkona. Aðspurð um hvað hún vinni helst með segir hún: „Ég handrenni bolla, skálar og aðra nytjahluti úr steinleir og postulíni. Upp á síðkastið hef ég blandað svörtum sandi úr fjörunni við Þorlákshöfn saman við postulínið. Það myndar skemmtilegar andstæður og blæbrigði.“

Ólíkar áttir en samhentur hópur

Sex félagskonur hafa komið sér vel fyrir á neðri hæð hússins, en það eru þær; Andrína Jónsdóttir sem tálgar og málar farfugla, Oddný Runólfssdóttir vinnur töskur og púða úr áklæðaprufum og gardínefnum, Violette Meyssonier er með handgerðar sápur, kerti og skart. Hinar þrjár, Friða Magga Þorsteinsdóttir, Hrönn Waltersdóttir og Steinunn Aldís Helgadóttir, vinna nytjahluti í leir.

Dásamlegt að setjast niður og gleyma sér í keramikinu

Dagskráin leit við á vinnustofuna í kaffibolla sem kemur úr höndum Friðu Möggu leirlistarkonu og stutt spjall. Eftir stutt spjall um daginn og veginn spyrjum við Friðu Möggu um



Aðventan framundan og húsið opnað
Á aðventunni undan-

farin ár hefur handverk kvennanna verið til sölu enda tilvalið í jólapakkann. „Nú þegar aðventan gengur í garð, breytum við vinnustofunni okkar í sölugallerí og bjóða bæjarbúum og Sunnlendingum að koma að skoða og kaupa handverkið okkar“. Vinnustofan Handverk og hugvit við Skólamörk verður opin laugardagana: 7. og 14. des. kl. 12 – 17 og hér verður svo sannarlega hægt að næla sér í einstakt listhandverk í jólapakkann!

Upplstur á Bókasafni Árborgar á Selfossi

Miðvikudaginn 4. desember kl. 16:30 koma þau Gunnar Helgason, Sigrún Eldjárn og Rán Flygenring til okkar á bókasafnið á Selfossi og kynna bækurnar sínar. Allir hjartanlega velkomnir.



Jóla-Bjarni er kominn á stjá.

Jólatréssalan Snæfoksstöðum 2019



Opið 7 og 8, 14 og 15., og 21,22 og 23 des.
Opið kl 11-16.

Veljið ykkur tré af Jólatorginu (fura og blágræni) eða höggið ykkar eigin jólafuru í Jólaskóginum.

Seljum einnig: furugreinar, arinvið og hin sívinsælu tröpputré.
Ketilkaffi á bálinu, lummur í skemmuni.

Staðsetning; erum vel merkt rétt neðan við Kerid í Grímsnesi. Aðeins eigin framleiðsla.

Skógræktarfélag Árneseinga 864 1106.
www.Skogarn.is

Óskað er eftir tilnefningum til Menntaverðlauna Suðurlands 2019

Samtök sunnleuskra sveitarfélaga óska eftir tilnefningum til **Menntaverðlauna Suðurlands 2019**. Frestur til tilnefninga er til miðnættis þriðjudaginn 7. janúar nk. og þær skal senda á netfangið: menntaverdlaun@sudurland.is. Formleg viðurkenning og peningaverðlaun í boði. Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu SASS: sass.is.



SASS
SAMTÖK
SUNNLEUSKRA
SVEITARFÉLAGA

Félagsráðgjafar á Suðurlandi skrifa:

Hvað er það sem skiptir máli í desember?

Desember getur verið krefjandi mánuður fyrir jafnt börn sem fullorðna og í mörg horn að líta. Setning sem ég nota gjarnan á börnin mín þegar spennustig er of hátt á sjaldan betur við en einmitt í þessum mánuði: **Við skulum ekki gera leiðinlegt það sem á að vera skemmtilegt!** Við skulum ekki vera í stressi og streitu allan desember mánuð til þess að eiga eitt „fullkomnið“ kvöld. Eru það virkilega góð skipti?

Munum líka sjálf hvornig er að vera barn á þessum tíma og hjálpum börnunum okkar að sjá jólin sem fjölskyldu frí með mörgum dögum með mismunandi skemmtilegum atburðum og skemmtilegum undirbúningi. Tölum við börnin okkar um að það sé margt að undirbúa og hugsa um og að allir þurfi að hjálpast að við að láta ganga vel heima. Fyrir börn sem eiga sérstaklega erfitt í desember getur reynst mjög vel að hengja upp dagatal í herbergi barnsins með helstu atburðum merktum inn, hvenær jólasveinar koma, hvenær jólaball er, hvenær við opnum pakka o.s.frv. Þetta hefur í það minnsta reynst vel á mínu heimili. Annað sem ég myndi vilja ráðleggja foreldrum þessara barna sem eiga erfitt í desember er að halda grunn-rútínu barnsins þrátt fyrir ýmiskonar uppbrót, þau eiga alveg nóg með það. Reynum að halda sama sveftíma og venjulega og íhugum vel hvort barninu sé einhver greiði gerður með að vaka of lengi á aðfangadag og gamlársdag sem dæmi. Ef við teljum okkur vita að barnið mun vakna snemma á jóladag er þá ekki alveg eins gott að eiga hann góðan í stað



Gunnar Þór Gunnarsson
félagsráðgjafi og ART-þjálfari

þess að vera þreyttur og þirraður? – Því jólin eru ekki bara einn dagur eins og ég kom inn á áðan.

Þannig ef ég dreg þetta saman eru þetta 4 jónaráð til barnafólks:

- 1. Gott viðhorf: Við skulum ekki gera leiðinlegt það sem á að vera skemmtilegt**
- 2. Jólin eru margir dagar – Allur desember á að vera skemmtilegur. Með því að taka fókuszinn af einum degi hjálpum við börnunum að njóta alls mánaðarins.**
- 3. Rútína! Aftur: jólin eru margir dagar, hugsum um heildarmyndina, svefn og góða næringu.**
- 4. Dagatal – Hjálpar með yfir-sýn og skipulag/skilning.**

DESEMBER						
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				

Jólastund Karlakórs Selfoss framundan

Á adventunni er ágætt að setjast niður, gleðja og efla andann og njóta lífsins í góðu umhverfi. Ekki er verra við slík tækifæri að hlýða á fallega jólatónlist í flutningi Karlakórs Selfoss. Eitt er víst að alltaf verður ákaflega gaman þá.

Jólastund Karlakórs Selfoss verður í Skálholtsdómkirkju mánudagskvöldið 9. desember nk. og hefst kl. 20:30, en hin síðari er í Selfoskirkju viku síðar, 16. desember og hefst kl. 20.

Á efnisskrá fá allir eitthvað fallegt, jólalög úr ýmsum áttum í bæði þekktum og nýjum útsetningum.

Alda Ingibergsdóttir syngur einsöngslög með kórnum, stjórnandi er Skarphéðinn Þór Hjartarson og undirleikur er í höndum Jóns Bjarnasonar.

Aðgangur er ókeypis, en tekið er á móti framlögum til líknarmála.



Mynd: Helga R. Einarsdóttir.

Hvernig höldum við umhverfisvæn jóla?

Örlítil hugvekja frá Umhverfis Suðurland, við upphaf adventunnar

Umhverfisvæn jóla snúast meðal annars um að vera meðvitaður um áhrif neyslunnar og takmarka hana eins og hægt er. Það þýðir samt ekki að jólamaturinn þurfi að vera hafragrautur og að enginn fái jólagjafir, heldur einfaldlega að við ætlum að íhuga hvað skiptir okkur mestu máli og hvernig megi halda jóla með sem bestum hætti fyrir umhverfið og okkur öll.

Enginn vill eyða löngum vinnustundum til að geta keypt jólagjafir sem engum nýtast og eru jafnvel gleymdar strax eftir hátíðina... eða hvað?

Stefán Gíslason umhverfisstjórnunarfræðingur hefur mikið fjallað um óþarfa, það er „eitthvað sem við þurfum raunverulega ekki“. Óþarfi hefur ekki bara neikvæð áhrif á umhverfi og samfélag heldur rænir hann ákveðnum gæðum af fólki. Tími er það eina sem við eig-

um þegar við fæðumst og er jafnframt það sem við höfum til þess að skipta út fyrir peninga eða annað sem við teljum að skipti okkur máli. Samkvæmt útreikningum Stefáns tekur það meðal Íslendinginn um það bil einn vinnudag að vinna sér inn um 20 þúsund krónur. Óþarfi sem kostar svipaða upphæð má því verðmeta á heilan vinnudag úr lífi viðkomandi. Þegar við skiptum tímanum út fyrir óþarfa hljóta það því að flokkast sem slæm viðskipti.



Gjafir sem ekki nýtast viðtakandanum eru óþarfi. Í stað þess að kaupa slíkar gjafir með tilheyrandi fórn á tíma, mætti gefa upplifanir, heimatilbúnað jólagjafir eða annað sem hefur meira gildi. Þetta eru auk þess oftast dýrmætustu gjafirnar og

veita á endanum mestu hamingjuna.

Hvernig virkar umhverfisvæn innkaupastefna?

Það er jafnframt mikilvægt að gera sér grein fyrir að allar vörur sem framleiddar eru hafa einhver áhrif. Við ættum að kynna okkur samfélagsaðstæður og umhverfisáhrif varanna sem við erum að kaupa og upprunaland þeirra og reyna að skoða hver raunkostnaður hennar er ef lítið er til umhverfisþátta.

Ein leið til þess að ná markmiðum um umhverfisvæn jóla er að setja sér innkaupastefnu sem gengur út á meðvituð innkaup. Svoleiðis stefna tekur meðal annars til þátta eins og að verla staðbundið, velja umhverfisvænasta kostinn hverju sinni, kaupa lífrænt, kaupa vörur sem vottaðar eru sem „sanngjörn viðskipti“ (e. fair trade), forðast einnota vörur og plast, gefa „sannar gjafir“ sem styrkja í leiðinni góðgerðarsamtök og gefa upplifun og/eða samveru.

Til þess að tryggja ljúfa aðventu skulum við því leggja áherslu á að njóta í stað þess að neyta.



Samstarf Samgöngustofu við sveitarfélög í landinu

Málþing um börn og samferðaröryggi grunnskólanna í sveitarfélaginu. Umferðarfræðsla var eflað í öllum árgöngum og var námsefni af vefnum umferd.is notað til grundvallar. Undir lok skólaársins var formlegt erindi sent til bæjaryfirvalda um úrbætur umhverfis skólann

Samstarf Grunnskólans í Hveragerði og Samgöngustofu til fyrirmyndar

Ólafur Hilmarrson, deildarstjóri yngsta stigs við Grunnskólann í Hveragerði, sagði frá samstarfi Samgöngustofu við Grunnskólann í Hveragerði. Sam-

starfið miðar að því að efla umferðaröryggi grunnskólanna í sveitarfélaginu. Umferðarfræðsla var eflað í öllum árgöngum og var námsefni af vefnum umferd.is notað til grundvallar. Undir lok skólaársins var formlegt erindi sent til bæjaryfirvalda um úrbætur umhverfis skólann

og víðar með aukið umferðaröryggi nemenda að leiðarljósi. Ólafur sýndi gestum fundarins fram á árangursrika leið til þess að virkja starfsfólk, nemendur, foreldra og bæjaryfirvöld á gagnlegan og skemmtilegan hátt í átt að bættu umferðaröryggi.



Sjálfstæðismenn í Ölfusi, þið hafið ekkert að óttast nema óttann sjálfan

Njörður Sigurðsson
bæjarfulltrúi
Okkar
Hveragerðis



Á fundi bæjarstjórnar Ölfuss 28. nóvember sl. var tekið fyrir erindi frá Hveragerðisbæ um sameiningarviðræður sveitarfélaganna tveggja. Erindi um sameiningarviðræður hafði verið samþykkt samhljóða í bæjarstjórn Hveragerðisbæjar þar sem bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Okkar Hveragerðis og Framsóknarflokksins lýstu einlægum vilja til viðræðna. Skemmt er frá því að segja að meirihluti Sjálfstæðisflokksins í Ölfusi hafnaði ósk Hveragerðisbæjar en minnihluti O-listans vildi hefja viðræður og kanna hvort að flötur væri á sameiningu sveitarfélaganna.

Sameining sveitarfélaga

Til ársins 1946 voru Hveragerði og Ölfus eitt sveitarfélag, í Ölfushreppi. Það ár klauf hin nýja byggð í Hveragerði sig frá Ölfushreppi og myndaði sérstakt sveitarfélag, Hveragerðishrepp. Síðan hafa verið tvö sveitarfélög í Ölfusi sem nú bera stjórnsluheitin Hveragerðisbær og Sveitarfélagið Ölfus. Miklar breytingar hafa orðið á sveitarstjórnarstiginu síðustu frá því að Ölfusi var skipt í tvö sveitar-

félög og hefur sveitarfélögum t.d. fækkað úr 229 í 72 frá árinu 1950. Ástæðan er fyrst og fremst að verkefni sveitarfélaga eru orðin fleiri og umfangsmeiri og stærri sveitarfélög hafa meiri slagkraft en þau minni til að veita þjónustu til íbúa og þróa sveitarfélagið í nútímasamfélagi.

Ölfusið sameinað á ný

Landfræðilega er Hveragerðisbær umlukið Sveitarfélaginu Ölfusi og er í raun lítil eyja í miðju Ölfusi, aðeins 9 ferkílómetrar að stærð á meðan Sveitarfélagið Ölfus er 740 ferkílómetrar. Upp úr 1950 byrjaði byggð að myndast í Þorlákshöfn sem er nú meginbyggðakjarninn í Sveitarfélaginu Ölfusi. Þann 1. janúar 2019 bjuggu 2.628 íbúar í Hveragerðisbæ og 2.153 íbúar í Sveitarfélaginu Ölfusi og hefur íbúum í báðum sveitarfélögum fjölgað verulega á árinu sem er að líða. Sameinað sveitarfélag myndi því telja um 5.000 manns og yrði næst stærsta sveitarfélagið á Suðurlandi á eftir Sveitarfélaginu Árborg. Það yrði gífurlega öflugt með fjölbreytta þjónustu og mikla möguleika til vaxtar hvort sem lítið er til þjónustu við íbúa, auðlinda, menningar eða atvinnusköpunar. Slagkraftur sameinaðs sveitarfélags yrði mun meiri sem myndi fyrst og fremst nýtast til uppbyggingar fyrir alla íbúa.

Sjálfstæðismenn hafna 827 milljónum

Með því að útiloka sameiningu sveitarfélaganna tveggja eru Sjálfstæðismenn í Ölfusi líka að hafna framlagi upp á 827 milljónir króna sem fengist frá Jöfnunarsjóði ef af sameiningu yrði. Til samanburðar má geta þess að sú upphæð nemur tekjum Ölfuss vegna fasteignagjalda í tvö og hálf ár. Einnig má nefna að sex deilda leikskóli í Hveragerði kostaði árið 2017 um 700 milljónir króna. Hér er því um verulegar fjárhæðir að ræða sem furðulegt er að Sjálfstæðismenn í Ölfusi hafni án þessa að vera tilbúnir að taka umræðu um sameiningu við bæjarfulltrúa Hveragerðisbæjar.

Ekkert að óttast

Í raun þurfa Sjálfstæðismenn í Ölfusi ekki að óttast sameiningarviðræður. Hvað getur komið út úr slíkum viðræðum sem menn geta óttast? Hafa verður í huga að með ósk um sameiningarviðræður er ekki verið að taka ákvörðun um sameiningu sveitarfélaganna heldur að kannað verði hvort grundvöllur sé fyrir slíku með hagsmunum íbúa að leiðarljósi. Það er auðvitað svo í höndum íbúa beggja sveitarfélaga að taka ákvörðun um sameiningu þegar viðræðum er lokið, ef þær komast svo langt.

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Ertu að leita að vinnu á Suðurlandi?

Ný störf auglýst í hverri viku!

www.dfs.is/atvinna/

JÓLATÓNLEIKAR



Miðsala inn á tix.is/jolatonleikar og við innganginn - Miðaverð aðeins 4.990 kr.

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga undirrita nýjan samning um Sóknaráætlun Suðurlands til ársins 2024

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra og fulltrúar landshlutasamtakanna undirrituðu nýverið nýja sóknaráætlunarsamninga við hátíðlega athöfn í ráðherrabústaðnum. Eva Björk Harðardóttir formaður stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) undirritaði samninginn fyrir hönd samtakanna. Grunnframlag ríkisins til samninganna árið 2020 nemur 716 milljónum króna en með viðaukum og framlagi sveitarfélaga nema framlög alls 929 milljónum króna. Heildargrunnframlag ríkis og sveitarfélaga til Suðurlands árið 2020 verða rúmlega 118 mkr.

Samningarnir byggja á lögum um byggðaaætlun og sóknaráætlunir og gilda til fimm ára, 2020-2024. Markmið laganna er að efla byggðapróun og auka samráð milli ráðuneyta á sviði byggðamála, innan hvers landshluta og milli stjórnsýslustiga, jafnframt að færa til sveitarstjórna aukna ábyrgð á sviði byggða- og samfélagsþróunar. Forsögu sóknaráætlana má rekja til ársins 2011 þegar byrjað var að þróa hugmyndafræðina innan Stjórnarráðsins en fyrstu samningar um sóknaráætlunir landshluta voru gerðir árið 2013. Sóknaráætlunir landshluta eru þróunaráætlunir sem fela í sér stöðumat viðkomandi

landshluta, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir til að ná þeim markmiðum. Markmiðið er að ráðstöfun þeirra fjármuna sem varið er til verkefna í einstökum landshlutum á sviði samfélags- og byggðamála byggji á áherslum heimamanna.

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga samþykkir Sóknaráætlun Suðurlands 2020 – 2024

Sóknaráætlun Suðurlands 2020-2024 tekur gildi um næstu áramót. Svæði Sóknaráætlunarinnar nær yfir sveitarfélagið Höfn í austri, að Hellisheiði í vestri og til Vestmannaeyja í suðri. Á svæðinu búa um 30 þúsund manns í 15 sveitarfélögum. Áætlunin var samþykkt á árþingi SASS sem haldið var 24.-25. október sl. Samtökin sjá um að framfylgja áætluninni með fyrrgreindu fjármagni frá mennta- og menningaráðuneytinu, atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytinu og sveitarfélögum á Suðurlandi. Nýja sóknaráætlunin tekur við af þeirri fyrstu sem gerð var fyrir landshlutann og var ákveðin frumraun og skilaði samtals 69

verkefnum á Suðurlandi. Í nýju áætluninni má sjá nýjar áherslur, þar má nefna umhverfi og samfélag en auk þeirra er áfram unnið með atvinnu- og nýsköpun. Áætlunin byggir m.a. á áherslum heimamanna sem fram komu á einum stórum samráðsvettvangi og íbúafundum sem haldnir voru um allt Suðurland sl. vor.

Megináherslur nýrrar sóknaráætlunar Suðurlands 2020-2024

Ný Sóknaráætlun tengist markmiðum ríkisstjórnarinnar og heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna. Áherslur og mælanleg markmið sóknaráætlunar Suðurlands verða innleidd í gegnum aðgerðir og verkefni

Uppbyggingarsjóðs Suðurlands annars vegar og hins vegar í gegnum þau áhersluverkefni sem ráðist verður í árlega á Suðurlandi. Framundan er mikil vinna við að móta verkefni sem vinna skal á næstu árum. Á heimasíðu SASS er hægt að skoða betur nýja Sóknaráætlun Suðurlands 2020-2024, þar er einnig hægt að senda inn verkefnatillögu um áhersluverkefni sem tengist nýrri sóknaráætlun. Á heimasíðunni er líka hægt að sjá áhersluverkefni sem unnin hafa verið á Suðurlandi frá árinu 2015.

Guðlaug Ósk Svansdóttir, Verkefnastjóri



Eva Harðardóttir formaður stjórnar SASS, Siguður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og Lilja Dögg Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra við undirritun samningsins.



FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA fundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efri hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.

**Geðræktarmiðstöðin
Batasetur Suðurlands**
Miðvikudaga kl. 10-14
Kaffi Líf (við hljóða á Nettó)
Föstudaga kl. 10-12 í Strók
facebook.com/batasetur

BÍLAR

KIETTUR
Bifreiðaverkstæði

Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.
Hjólástillingar



Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2277

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

TIL LEIGU

Til leigu á Selfossi
2-3 svefnherbergja íbúð til leigu
í miðbæ Selfoss. Uppl. í síma
771 8013.

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR

S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHOLD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

**STEYPUSÖGUN - KJARNABORUN - INNRÖMMUN -
TVÍBLAÐASÖGUN FYRIR
HITALÖGNUM**

Saga dyragöt, gluggagöt og fleira
í steinsteypu.

Kjarnaborun fyrir lögnum.
Ramma inn myndir,
spjela og fleira.

Annast einnig sólpallasmiði.

ÁSGEIR EGGERTSSON
Sléttuvegi 6, Selfossi
Sími 893 9068

STEINSTEYPUSÖGUNIN ÁS ehf.

FATAVIÐGERÐIR

SAUMASETRIÐ SELFOSSI

Síðasti dagur fyrir móttöku
á fötum til viðgerðar fyrir
jól og áramót er föstu-
dagurinn 13. desember

Opíð virka daga frá
kl. 11:00-15:00

Laugardaga fram að jólum frá
kl. 12:00 - 14:00

Austurvegi 9 Selfossi

Sími: 898 1430

Facebook:

Saumasetrið Selfossi

KIRKJUR

Selfoskirkja

Messa sunnudaginn 8. desember kl. 11:00. Kveðjumessa þar sem sóknir Selfossprestakalls kveðja Ninnu Sif Svavarsdóttur fráfarandi prest. Kirkjukórinn syngur og organisti er Edit A. Molnár. Kaffisamsæti í Safnaðarheimilinu eftir messu. Sunnudagaskóli á sama tíma, umsjón Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir ásamt leiðtogum.

Kirkjuskólinn í

Víkuprestakalli - jólasamvera
Lokasamvera kirkjuskólans fyrir jól verður í Víkurskóla næsta sunnudag, 8. desember kl. 11:15 - 12:00. Fjölmennum og fræðumst um hin kristnu jól.

Skeiðflatarkirkja í Mýrdal -
söngstund á aðventu

Þriðjudagskvöldið 17. desember nk. ætla félagar úr Samkór Mýrdælinga að leiða almenna söngstund í Skeiðflatarkirkju í Mýrdal, undir stjórn Brians R. Haroldssonar organista. Fjölmennum til að syngja saman uppáhalds jólasálmanna og jóla-lögin í notalegri samveru í kirkjunni á aðventu. Nánar auglýst síðar. Samkór Mýrdælinga og sóknarprestur.

Eyrarbakakirkja

Sunnudagur 8. desember
Aðventuhátíð kl. 17:00. Ljúf stund í kirkjunni með litlu tali en marvíslegum tónum.

Aðventistar

Safnaðarheimili aðventista, Eyravegi 67, Selfossi, 7. des. Biblíurannsókn kl. 11 og guðsþjónusta kl. 12, með ræðu verður Eric Guðmundsson.

Skálholtsdómkirkja

Messa sunnudag 8. desember kl. 11:00. Sr. Egill Hallgrímsson sóknarprestur annast prestsþjónustuna. Organisti er Jón Bjarnason.

Hagakirkja

Aðventusamvera sunnudaginn 8. des. kl. 16:00. Kórinn syngur aðventu- og jólasálma, barnastund, hugleiðing og hið lifandi kertaljós látið njóta sín. Síðdegishressing að athöfn lokinni.

Kálholtskirkja

Aðventusamvera sunnudaginn 8. des. kl. 20:00, þar sem nýtt rafmagnspíanó verður tekið í notkun. Kórinn syngur aðventu- og jólasálma og barnastund. Síðdegishressing að athöfn lokinni.

Hvítasunnukirkjan Selfossi

Sunnudaga kl. 11:00. Samkoma, sunnudagaskóli og kaffiveitingar. English translation available. Allir innilega velkomnir. www.selfossgospel.is.

Villingaholtskirkja

Aðventukvöld kl. 20:00. Kirkjukórinn syngur, organisti Guðmundur Eiríksson, einsöng syngur Bergljót Arnalds. Ræðumaður Valgerður Gestsdóttir Mjósýndi. Umsjón með stundinni hefur Guðbjörg Arnardóttir.

Skarðskirkja

Aðventusamvera laugard. 7. des. kl. 14:00 og kórinn syngur aðventu- og jólasálma, barnastund, hugleiðing og hið lifandi kertaljós látið njóta sín. Síðdegishressing að athöfn lokinni.

Árbæjarkirkja

Aðventusamvera sunnudaginn 8. des. kl. 14:00. Aðventu- og jólasálmur sungnir, barnastund, fiðluleikur og síðdegishressing að athöfn lokinni.

Porlákaskirkja

Minning látinna þriðjudaginn 10. desember kl. 18:00.

HEILSA

Hugurinn,
líkaminn
og sálin



Jákvæðar hugsanir breyta deginum

Energy Touch • Nudd • Nálastungur • Núvitund
Sími 6932197

Ragnhildur Sigurðardóttir

Cand magi fjárféttum
Jákvæð sálfræði
Hann Yoga, NLP Master/Coach

www.thesunflower.is

FUNDIR

Vöflukaffi

Tíunda vöflukaffi vetrar og jafnframt það síðasta á þessu ári verður haldið næsta föstudag 6. desember á Eyravegi 15 annarri hæð á milli klukkan 16 og 18. Gestur okkar er Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður Framsóknarflokksins og samgöngu- og sveitarstjórnarráðgjafi. Hann fer yfir málin með okkur. Allir velkomnir.



TIL SÖLU



Fallegu laufabrauðsjárnin og kleinuvarnir eru komin aftur. Renniverkstæði Björns Jensen. Háheiði 6, s. 862 7530.

LÍFSVERK - Prettán kirkjur Ámunda Jónssonar

Listamaðurinn Guðrún Arndís Tryggvadóttir á Selfossi er höfundur bókarinnar „LÍFSVERK - Prettán kirkjur Ámunda Jónssonar“ og mun hún standa fyrir útgáfuhátið bókarinnar í Skálholti í samstarfi við staðinn. Mun hún segja frá aðdraganda bókarinnar og tilurð verksins og sýna myndverk úr bókinni.

Í þessari litríku og heillandi bók leitar Guðrún Arndís Tryggvadóttir að lífsverki forföður síns, Ámunda Jónssonar, smíðs, listmálara og bíldska 18. öld. Hún endurskapar ævi hans og iðju í vatnslitamyndum í því skyni að nálgast fortíðina og lætur inn-sæinu eftir að kalla fram svör - í myndverkum og textum til íhugunar.

Í bókinni eru ljósmyndir af öllum þekktum verkum Ámunda auk fræðigreina eftir

Arndísi S. Árnadóttur og Sólveigu Jónsdóttur sem ætlað er að auðga þessa sögu, ljá henni líf og styrkja sambandið við líf og list fortíðar. Með allt þetta í höndum er það síðan verkefni áhorfandans og lesandans að spegla sinn eigin reynsluheim í því sem hér er borið fram.

„Ég vil spegla nútímann í fornum veruleika í von um skilning á eigin tilveru,“ segir Guðrún A. Tryggvadóttir um ferðalag sitt til fortíðar. Með þeim orðum hvetur hún okkur til íhugunar um það hvernig umhverfi, uppruni og reynsla móta menn, letja eða hvetja á hverri tíð, og hvernig fjarlægðin milli okkar og Ámunda Jónssonar í árum og öldum býður okkur að skynja raunverulegt virði þess sem eitt sinn var.

Bókin er gefin út samhliða sýningu Guðrúnar Arndísar



Tryggvadóttir í Hallgrímskirkju í Reykjavík, 1. desember 2019 - 1. mars 2020.

Sýning myndverka Guðrúnar í bókinni verður áfram í Skálholti og mun standa þar opin fram til loka janúar en opið er í Skálholtsskóla alla daga.

Útgáfuhátiðin og sýningin verður í Skálholtsskóla laugardag 14. desember kl. 14 og er öllum opin. Eftir erindin verður kaffi í veitingastaðnum í skólanum.

Kaffihússtemning á Ljósheimum á Selfossi

Kaffihúsið Ljósakot opnaði dyr sínar föstudaginn 29. nóvember sl. Þegar blaðamann Dagskrárinnar bar að garði var heimilisfólk og fjölskyldur búið að koma sér notalega fyrir með heitt súkkulaði, smurbrauð og kruðeri. Ljúfir tónar fylltu loftið af jólatónlist í sambland við spjall og vinarþel.

Gaman að brjóta upp daginn

Starfsmenn Ljósheima sögðu að hugmyndin hefði verið rædd og ákveðið að framkvæma hana sem lið í því að gera aðventuna skemmtilega og brjóta upp daginn. Hugmyndin sé sú að tækifæri myndist fyrir fjölskyldur til að líta til ættingja og eiga

góða stund á aðventunni. Í samtali við heimilisfólk sögðu þau: „Þetta er afskaplega notalegt. Það er svo gaman að brjóta upp daginn og gera eitthvað annað svo manni leiðist ekki. Þetta er svo fínt hjá þeim hérna, bakkelsið og allt hvað eina að maður er eiginlega orðlaus.“

Kaffihúsið opið á aðventunni

Að sögn starfsmanna verður kaffihúsið starfrækt alla föstudaga fram að jólum milli kl. 15 og 17. Þær hafi hugsað sér að fá upplestur, lifandi tónlist eða annað skemmtilegt. Aðstandendur eru boðnir sérstaklega velkomnir í aðventu kaffi hjá HSU. -gpp



Öryggismálin tekin föstum tókum hjá Flugklúbbi Selfoss

Fullt var út úr dyrum í aðstöðu flugklúbbsins á Selfossi í liðinni viku. Klúbburinn hafði boðað til flugöryggisfundar. Fyrirlesari á fundinum var Kári Kárasón, flugstjóri hjá Iceland-wair. Kári er einnig þjálfunarflugstjóri og einn af stofnendum flugakademíu Keilis og einkaflugmaður. Þema fundarins var Vetrarflug og undirbúningur þess. Í samtali við Þóri Tryggvason, formann flugklúbbs Selfoss kom fram að félagar kæmu víða að, ekki bara frá Selfossi. „Þessir fundir eru vinsælir og mikilvægir. Við erum að fá okkar virku féлага á fundina en bjóðum auðvitað flugmönnum hvaðanæva að. Hér komu nokkrir sem flugu frá Reykjavík til að taka þátt í þessu og læra

meira.“ Eftir hnitmiðaðan fyrirlestur Kára spunnust umræður um málefnið og menn miðluðu hver til annars af reynslu sinni. Við spurðum Þóri hvaða gildi þetta hefði fyrir flugmenn: „Það er lykilatriði að huga að öryggismálum í hvívetna. Við fengum á dögnum viðurkenningu fyrir okkar góða starf í öryggismálum. Við munum auðvitað halda því áfram. Varðandi gildi svona fræðslu til flugmanna er svarið einfalt. Maður getur alltaf bætt við sig þekkingu, séð nýja fleti á málum og fengið nýjustu upplýsingar um það sem helst er að gerast með því að mæta á svona fyrirlestra. Það skilar sér í bættu flugöryggi öllum til heilla,“ segir Þóri að lokum. -gpp



LITLU JÓL Í FÓÐURBLÖNDUNNI - Selfossi

5. desember frá 19 - 22

Boðið verður upp á jólaglög, nýjar vörur og ýmislegt sniðugt í jólapakkann, tilboð á völdum vörum, léttar veitingar og almenna gleði!

- Valkyrjan kynsir vinnufatnaðinn sem hún flytur inn frá Traktorþikene í Noregi, vinnufatnaður hannaður fyrir konur.
- Einar Ásgeirsson fóðurfræðingur svarar spurningum um nýtt músli og hestafóður sem Fóðurblandan hefur til sölu og fer yfir fóðrun sauðfjár ásamt fleiru.

Hlökkum til að sjá þig!

FB
FÓÐURBLANDAN

GÓÐ RÁÐ

FYRIR SUNNLENDINGA

APÓTEKARINN ER Í NÆSTA NÁGRENNI VIÐ ÞIG Á SUÐURLANDI.

Hveragerði
Selfoss
Porlákshöfn
Hella
Hvolsvöllur
Vestmannaeyjar

Við erum í næsta nágrenni! www.apotekarinn.is

Apótekarinn+
- lægra verð

Amerískur prófessor hugfanginn af Njálureflinum

Avedan Raggis er amerískur prófessor á fertugsaldri sem hefur tekið einstöku ástfóstri við Njálssögu og þá um leið Njálureflinn á Hvolsvelli. Hún hefur nú komið fjórum sinnum sérstaklega til Íslands aðeins til að sauma í reflinn. Fyrsta ferðin hennar var árið 2016 en þá kom hún til landsins ásamt föður sínum og ferðaðist um Vestfirði og Suðurland. Hún kom við á Sögusetrinu og hitti Sigurð Hróarsson sem þá rak setrið. Þau áttu gott spjall saman um Njálssögu og í lok heimsóknarinnar sýndi Siggi henni reflinn. Og þá varð ekki aftur snúið, Avedan heillaðist af reflinum, enda mikil handavinnukona. Hún settist við sauma og hugur hennar hefur dvalið við reflinn síðan og leitt til fjögurra annarra ferða til Íslands, aðeins til að sauma, eins og áður segir.

Avedan er menntuð í klassískum fræðum, sögu, bókmenntum og tungumálum. Hún er prófessor við háskólann í Colorado í norrænum fræðum og kennir m.a. áfanga í íslenskum forn-bókmenntum sem hún segir að sé afar vinsæll. Allir nemar skólans, óháð deildum, þurfa að taka áfanga í klassískum fræðum og margir vilja læra hjá henni um Njálu og allt sem henni tilheyrir. Enda hægt að finna marga fleti á sögunni; lögfræði, trúmál, fjölskyldudrama og margt fleira. Sagan höfðar því til margra og ólíkra fræðasviða. Avedan nýtir sér myndir úr reflinum í kennslunni og segist fræða nemendur sína um reflinn um leið og hún kennir bókmenntirnar.

En innt um hannyrðaáhuga segist Avedan vera mikil handavinnukona. Hún er í félagsskap í Colorado sem einbeitir sér að fullvinnslu ullar, spuna, vefnaði og fleiru. Hún segir kímín að því miður geti hún ekki verið með kind í íbúðinni sinn, en hún er með loðkanínu sem hún snoðar reglulega og spinnur garn úr ullinni sem hún notar síðan með ýmsum hætti.

Eins og áður segir hefur Avedan komið fjórum sinnum sérstaklega til að sauma í reflinn, einu sinni á ári frá árinu 2016. Hún lætur 7 tíma flug ekki aftra sér frá ferðalaginu, en hún getur flogið beint frá Colorado til Íslands. Avedan nýtir gjarnan frídagana í kringum þakkargjörðarhátíðina til að koma hingað. Þá gistir hún í nágrenni við Refilstofuna og saumar daglangt. Hún hefur mikla hæfileika á hannyrðasviðinu eins og glögg má sjá á handverki hennar. En hún lætur sér ekki nægja að sauma aðeins í reflinn, hún hefur einnig keypt handavinnupakka með myndum úr reflinum sem hún saumar á milli Íslandsferðanna.

Þessi ferð Avedu til Íslands verður sú síðasta sem snúast mun um refilsaum því nú sér fyrir endann á reflinum. Verið er að sauma í lokametruna og á næsta ári verður verkinu lokið. Því mun næsta ferð Avedan verða til að líta söguna alla á refli. Það finnst henni gríðarlega merkilegt og spennandi. Hún vonast til þess að aðstaða og umbúnaður um reflinn verði þessu mikla listaverki til sóma.



Prófessor Avedan Raggis við myndina sem hún hefur saumað í heimsókninni til Íslands.

BÓNFDGAR

Gagnheiði 51 - Selfossi
Símar 482 2327 - 848 2327
- Sækjum og skilum -

Sprettur

ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

MERKINGAR
LASERSKURÐUR
FRÆSINGAR
PRENTUN

Kennslustofa 60

SB SKILTAGERÐ

Þorlákshöfn - Sími 483 1955 - www.sbskilti.is

Jiibbiit

Siggafærðir

- Flutningaþjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur

Sími 772 6010

DFS.is

Fáðu tilboð í auglýsingapakka í blaðið og á vefinn!

Sími 482 1944
dfs@dfs.is

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - WWW.FROSTMARK.IS

expert 
kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápa viðgerðir - Almennar raflagnir

Slökkvitæki ehf

Hleðsla - Sala - Þjónusta

Austurvegi 52 - Selfossi
Sími 666 9990

Verstum við litla manninn

Jólahlaðbord
Ráða Húsið

rauða húsið

Fléiri dagsetningar bætt við!
23.29&30 nóv • 13&14 des
lifandi tónlist og stemning fram eftir kvöldi
aðeins 8.950 kr á mann
tilboð: jólahlaðbord og gisting
aðeins 14.750 kr á mann
raudahusid.is/jolahlaðbord
483-3330 / jj@raudahusid.is

Rétting og málun

Vottað rétttingaverkstæði
Cabas tjonaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

FYLGDI
Útfararþjónusta

Gisli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

Josera
Gæludýrafóður

Fæst hjá
BYKO Selfossi

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala Rennismiði Innréttingar Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Hjólbarðþjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151

HM

Hjólbarðar Smurþjónusta
Betri vörur - betra verð

Bilamerkingar
Strigaprentun
Fatamerkingar
Gluggafilmur
Límmiðar
Skiltagerð
Filmulausnir og merkingar

Háheiði 6, Selfossi s: 833 2299
filmulausnir@filmulausnir.is Filmulausnir
Opíó mánudaga til föstudaga frá kl. 9 - 17

Bilasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Lagnaþjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími